



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SAMKEPPNISHÆFT SKATTAUMHVERFI

*Skýrsla skattahóps
Samtaka atvinnulífsins*

maí 2001

TILLÖGUR SKATTAHÓPS SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

- ◆ Tekjuskattur fyrirtækja verði lækkaður í 15%. Færð eru samkeppnisleg og efnahagsleg rök fyrir nauðsyn þess.
- ◆ Eignarskattar verði afnumdir. Vísað er til samkeppnishæfni Íslands og alþjóðlegra áherslna á hlutleysi fjármagnsskatta.
- ◆ Stimpilgjöld af útgáfu og viðskiptum með viðskiptabréf verði felld brott. Sömu rök og varðandi eignarskatta.
- ◆ Söluhagnaður verði skattlagður með sama hætti og arður og samhliða verði afnuminn skattur á söluhagnað erlendra aðila.
- ◆ Hugað verði að endurskoðun á öllum starfsleyfisgjöldum og smærri sköttum og gjöldum sem innheimt eru af hinu opinbera.
- ◆ Hámarksfjárhæðarþak kaupréttarsamninga verði hækkað í 2 milljónir kr. á ári á hvern starfsmann.
- ◆ Aukið verði við frádráttarheimildir fyrirtækja vegna stuðnings við nýsköpun og rannsóknir.
- ◆ Endurskoðaðar verði reglur um íslenska starfsmenn sem haldið er tímabundið að störfum erlendis á vegum hérlanda fyrirtækja.
- ◆ Settar verði sérreglur um hagstæða skattalega meðferð erlenda sérfræðinga sem koma hingað tímabundið til starfa.

EFNISYFIRLIT	BLS.
1. INNGANGUR	3
1.1. Aðdragandinn	3
1.2. Áherslur	4
2. TEKJUSKATTUR FYRIRTÆKJA	7
2.1. Almennt	7
2.2. Þjóðhagsleg áhrif af lækkun tekjuskatts	8
2.3. Tillaga skattahóps SA.....	9
3. EIGNARSKATTUR FYRIRTÆKJA	10
3.1. Almennt	10
3.2. Þróun erlendis.....	12
3.3. Þjóðhagsleg áhrif afnáms eignarskatts	12
3.4. Tillaga skattahóps SA.....	13
4. STIMPILGJÖLD	14
4.1. Gildandi löggjöf.....	14
4.2. Tekjur ríkissjóðs af innheimtu stimpilgjalda.....	14
4.3. Þróun erlendis.....	15
4.4. Rök fyrir lagabreytingu	16
4.5. Tillaga skattahóps SA.....	17
5. EIGNARHALDSFÉLÖG, HLUTABRÉFASJÓÐIR, SÖLUHAGNAÐUR AF HLUTABRÉFUM, VERÐBRÉFASJÓÐIR	18
5.1. Almennt	18
5.2. Skattaleg meðferð söluhagnaðar og arðs.....	19
5.3. Tengsl hlutabréfa-/verðbréfasjóða og hefðbundinnar fjárvörslu	20
5.4. Tillögur skattahóps SA	21
5.5. Áhrif breytinga á tekjur ríkissjóðs.....	22
6. ÓBEINIR SKATTAR OG ÝMIS LEYFISGJÖLD	23
6.1. Almennt	23
6.2. Niðurstaða.....	23
6.3. Tillögur skattahóps SA	25
7. KAUPRÉTTARSAMNINGAR	26
7.1. Almennt	26
7.2. Tillaga skattahóps SA.....	27
8. NÝSKÖPUN, VÍSINDI OG RANNSÓKNIR.....	28
8.1. Almennt	28
8.2. Núverandi lagaumhverfi	28
8.3. Rök fyrir breytingum.....	28
8.4. Tillaga skattahóps SA.....	29
8.5. Áhrif breytinga á tekjur ríkisins	29
9. SKATTLAGNING ERLENDRA EINSTAKLINGA SEM TÍMABUNDIÐ STARFA Á ÍSLANDI	30
9.1. Almennt	30
9.2. Tillaga skattahóps SA.....	30
9.3. Áhrif breytinga á tekjur ríkissjóðs.....	31
10. SKATTLAGNING ÍSLENSKRA EINSTAKLINGA SEM STARFA TÍMABUNDIÐ ERLENDIS	32
10.1. Almennt	32
10.2. Tillaga skattahóps SA.....	32
FYLGISKJAL 1 SKATTALÆKKUN SEM EFNAHAGSAÐGERÐ	33
FYLGISKJAL 2 ÝMIS STARFSLEYFISGJÖLD.....	36
FYLGISKJAL 3 ÝMIS GJÖLD OG SKATTAR.....	39

1. INNGANGUR

1.1. Aðdragandinn

Gríðarlegar breytingar hafa átt sér stað í íslensku atvinnulífi frá því að íslensk stjórnvöld ákváðu að gerast fullgildir aðilar að samevrópsku viðskiptaumhverfi, með undirritun EES-samningsins árið 1993.¹ Hornsteinn hans er fjórfrelsið svokallaða, þ.e. frelsi í flutningi vöru, þjónustu, fólks og fjármagns milli aðildarríkja. Aðgangur íslenskra fyrirtækja og starfsfólks að erlendum mörkuðum batnaði stórlega í kjölfarið og það sama átti við um aðgang erlendra aðila að íslenskum atvinnumarkaði. Með undirritun samningsins skuldbundu Íslendingar sig til að aðlaga innlenda viðskiptalöggjöf að leikreglum innri markaðarins, sem Evrópusambandið hefur verið að móta frá stofnun þess árið 1957.

Íslensk stjórnvöld gerðu sér þó strax grein fyrir að ekki dygði að horfa einvörðungu til þeirra lágmarkskrafna sem samningurinn setur þeim. Ef innlend fyrirtæki ættu að standa jafnfætis erlendum keppinautum var nauðsynlegt að öll starfsskilyrði hér á landi væru sambærileg við það besta sem önnur aðildarríki biðu upp á. Skattamál voru eðlilega forgangsmál í þeim efnum. Frá því að samningurinn tók gildi hefur tekjuskattsprósenta íslenskra hlutafélaga lækkað úr 39% í 30%. Jafnframt var sérstakt aðstöðugjald, sem lagt hafði verið á af sveitarfélögum, felld niður þegar á árinu 1993. Hins vegar var á þessu tímabili einnig felld brott heimild til að draga frá tekjum sérstakt 10% fjárfestingartillag, auk þess sem verðbólga fór stöðugt minnkandi. Því má með réttu halda fram að raunskattbyrði fyrirtækjanna hafi ekki lækkað eins og að var stefnt.²

Samkeppnishæf
starfsskilyrði

Enginn vafi leikur samt á að ef ekki hefði verið ráðist í þessar aðgerðir væri rekstrarumhverfi atvinnulífsins mun lakara í dag. Framsýni stjórnvalda skilaði þannig sterkari fyrirtækjum, með þekkingu og burði til að leita hófanna í auknum mæli á erlendum mörkuðum. Fyrir lítið hagkerfi eins og Ísland er slík útrás, ef vel að henni er staðið, lykill að bættum lífskjörum. Erfitt er að áætla nákvæmlega hverju EES-samningurinn og bætt rekstrarumgjörð hafa skilað þjóðarþínu í peningum talið, umfram það sem orðið hefði annars. Enginn efast þó um að þar er um verulegar fjárhæðir að ræða.

Lykill að
bættum
lífskjörum

Eðlilega hafa fleiri en íslensk stjórnvöld áttað sig á mikilvægi hagstæðs starfsumhverfis fyrirtækja. Þannig hafa nágrannaríkin á síðustu misserum keppt við að lækka skatta og auka sveigjanleika vinnumarkaðar. Samhliða hafa erlendar fjárfestingar aukist verulega og eru þær nú drifkraftur hagvaxtar í heiminum. Þar er að miklu að keppa en talið er að beinar erlendar fjárfestingar hafi verið milli 60 og 70 billjónir (milljónir milljóna) króna árið 1999.³ Sum Evrópuríki, eins og Lúxemborg, áttuðu sig á þessu fyrir löngu, en landið hefur um árabil verið ein öflugusta fjármálamiðstöð heims auk þess sem það stendur framarlega í fjarskiptamálum. Þá hefur verið afar fróðlegt að fylgjast með Írum, sem hafa síðustu tvo áratugi unnið markvisst að því að skapa sem hagstæðast fjárfestingarumhverfi á Írlandi. Í upphafi byggðust þessar aðgerðir Íra meira á sértækum ráðstöfunum, með lækkuðu skatthlutfalli á tiltekna starfsemi. Í kjölfar

Fordæmi Íra

¹ EES-samningurinn tók gildi 1. janúar 1994.

² Sjá Fréttabréf SA, 5.4.2001.

³ IMF, Balance of Payment Statistics, 2000.

gagnrýni ESB ákváðu þeir hins vegar á árinu 1999 að hverfa frá slíkum sértækum reglum en festa þess í stað hið almenna skatthlutfall fyrirtæka í 12,5%.⁴

Versnandi
staða

Hlutirnir hafa verið að gerast hratt í þessum efnun síðustu misseri og íslenskt atvinnulíf stendur nú frammi fyrir þeirri staðreynd að starfsumhverfi fyrirtækjanna er ekki lengur samkeppnishæft við það sem keppinautarnir erlendis búa við.

Hvatning í
yfirlýsingum
æðstu ráðamanna

Sem betur fer hafa hérland stjórnvöld áttað sig á þessari staðreynd. Ríkisstjórn Íslands hefur þannig lagt mikla áherslu á að hagstætt fyrirtækjaumhverfi sé einn af hornsteinum áframhaldandi velmegunar í landinu. Báðir stjórnarflokkarnir hafa vísað sérstaklega til skattamála fyrirtækja í því sambandi. Forsætisráðherra lýsti því yfir í upphafi árs að brýnt sé að stíga stærri skref í að bæta skattalegt rekstrarumhverfi á Íslandi og m.a. vísað til árangurs Íra í þeim efnun. Utanríkisráðherra lagði mikla áherslu á virka þátttöku Íslands í alþjóðavæðingu atvinnulífsins í skýrslu sinni til Alþingis í mars sl. Benti hann þar sérstaklega á mikilvægi aukinnar erlendra fjárfestingar. Fjármálaráðherra hefur einnig sýnt þessum málum mikinn skilning.⁵ Þessar yfirlýsingar æðstu ráðamanna hafa verið Samtökum atvinnulífsins hvatning til að leggja aukinn kraft í vinnu að vönduðum tillögum um úrbætur á innlendu skattaumhverfi

1.2. Áherslur

Megin
áherslur

Skattahópur Samtaka atvinnulífsins hefur farið ítarlega yfir brýnustu atriðin í skattalegu rekstrarumhverfi fyrirtækjanna. Þrjú meginatriði standa upp úr í þeim efnun. Ber þar fyrst að nefna lækkað tekjuskattshlutfall, en gerð er tillaga um að það verði fært niður í 15%. Í öðru og þriðja lagi er þung áhersla lögð á afnám bæði eignarskatta og stimpilgjalda, en þau skattform eru nánast úrelt í helstu viðskiptalöndum. Í nýútkominni skýrslu OECD um skattamál er rík áhersla lögð á mikilvægi hlutleysis skatta á fjármagn. Bæði eignarskattar og stimpilgjöld ganga gegn því alþjóðamarkmiði, þar sem þau hafa tilhneigingu til að leggjast oft á sama skattandlagið auk þess að ganga gegn almennum jafnræðissjónarmiðum. Samhliða þessum megináhersluatriðum er í skýrslunni bent á ýmis önnur skattaleg atriði sem þörf er á að taka til endurskoðunar. Að mati skattahópsins ber við allar slíkar breytingar að horfa til þess besta sem þekkist í samkeppnislöndunum og helst að vera ávallt skrefinu á undan.

Gegnsætt
og einfalt
skattkerfi

Þó að þær tillögur sem hér eru kynntar beinist einvörðungu að sköttum á fyrirtæki þá leggur skattahópurinn áherslu á að samkeppnishæf starfsskilyrði fyrirtækjanna eru grundvöllur bættra kjara þeirra einstaklinga sem byggja landið. Ljóst er hins vegar að tímabært er að taka skattkerfi einstaklinga til heildarendurskoðunar með það að markmiði að einfalda það eins og kostur er. Slík endurskoðun þarf að taka mið af samspili skattkerfis, lífeyriskerfis og almannatryggingakerfis. Skattkerfið á að vera gagnsætt og einfalt. Þá gilda eðlilega sömu rök um áhrif skattalækkana á einstaklinga og fyrirtæki, þ.e. að lækkun heildarskatthlutfalls dregur úr hvata til að komast hjá skattgreiðslum, eykur vilja til vinnu og stuðlar þannig að aukinni framleiðni þjóðfélagsins í heild.

⁴ Með því lækkar hið almenna skatthlutfall niður í 12,5% samhliða því sem sérstakur 10% skattur á ákveðna atvinnustarfsemi hækkar í 12,5%. Breytingarnar koma í áföngum og verða að fullu komnar til framkvæmda á árinu 2003.

⁵ Skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins lagði áherslu á mikilvægi þess að lækka skatta á fyrirtæki, á fundi sem Búnaðarbanki Íslands stóð fyrir um efnahagsmál í byrjun apríl, sbr. einnig vefrit fjármálaráðuneytisins, fjr.is, þann 10. apríl 2000.

Eðlilega horfa stjórnvöld jafnan til þess hvaða áhrif breytingar á skattalögum séu líklegar til að hafa á tekjur ríkissjóðs, enda er skatttekjum ætlað að standa undir þeim samfélagslegu grunnútgjöldum sem hvert réttarríki hefur skuldbundið sig til að halda úti. Skattahópur SA lagði því mikla áherslu á þennan þátt og fékk Ásgeir Jónsson, hagfræðing hjá Hagfræðistofnun HÍ, til að meta fyrir sig hagfræðilegar forsendur og áhrif þeirra megin breytingartillagna sem skýrslan geymir. Álitsgerð hans er birt sem fylgiskjal með skýrslunni. Þar kemur fram að sú lækkun á tekjuskattshlutfalli sem átti sér stað á síðasta áratug hafi ekki dregið úr heildarskatttekjum ríkissjóðs. Að mati Ásgeirs yrðu skattalækkunar nú mótvægi við kostnaðarhækkunar fyrirtækjanna á síðustu misserum og hvatning til nýrra fjárfestinga. Auk þess þurfi hérland fyrirtæki sama svigrúm til verðmætasköpunar og þekkist erlendis. Hann bendir á að Ísland sé um margt í sömu stöðu og Írar þjuggu við þegar þeir stigu sín stærstu skref í átt til hagstæðara starfsumhverfis. Bæði löndin séu eyríki fjarri þétttriðnu markaðsneti meginlandanna og þurfi því á enn betri starfsskilyrðum að halda en keppninautarnir annars staðar í Evrópu til að tryggja innlenda samkeppnishæfni og laða að erlenda fjárfestingu.

Hagfræðilegar forsendur

Í álitsgerðinni er einnig bent á að áhrif lækkunar tekjuskattshlutfallsins fari ekki að skila sér strax því fyrirtækin þurfi umþóttunartíma til að breyta fjárfestingaráætlunum sínum. Í ljósi þess að þegar er farið að draga úr þenslu og hætta á að íslenskt þjóðfélag sé að stefna inn í niðursveiflutímabil má ætla að jákvæð mótvægisáhrif skattalækkana, sem ráðist yrði í þegar í stað, muni koma sem góð inngjöf í hagkerfið á hárréttum tíma. Í þessu sambandi bendir Ásgeir á að ef skattalækkunar sem gerðar voru á fyrri hluta síðasta áratugar hefðu tekið gildi nokkru áður bendi allt til að niðursveiflan 1992-1994 hefði ekki orðið jafn djúp og raun varð á.

Hárréttur tími

Með lækkun tekjuskattshlutfallsins skapast jafnframt svigrúm til afnáms verðbólgu-reikningsskila, en innan atvinnulífsins ríkir almenn samstaða um að þau séu barn síns tíma og geri íslenskt fjárfestingarumhverfi frábregðið því sem almennt gerist.

Afnám verðbólgu-reikningsskila

Virðisaukaskattur er langstærsti skattstofn íslenska ríkisins. Það er í takt við almenna þróun í heiminum, en hlutfall veltuskatta af heildarsköttum hefur farið vaxandi meðal OECD-ríkja síðustu áratugi. Oft hefur verið bent á að virðisaukaskattshlutfallið á Íslandi sé meðal þess hæsta sem þekkist. Skattahópur SA telur hins vegar brýnna að ganga fyrst í þær breytingar sem hér eru lagðar til, áður en hugað verði að lækkun veltuskatta.

Samhliða lækkun skatta er nauðsynlegt að stjórnvöld auki enn aðhald í útgjöldum ríkisins, ekki síst með enn frekari hagræðingu í stærstu málaflokkunum. Þá ætti einkavæðing stórra innlendra ríkisfyrirtækja að auðvelda enn frekar að gengið verði í verulegar skattalækkunar þegar á þessu ári.

Aðhald í útgjöldum

Afar brýnt er að í tengslum við vinnu að bættu skattaumhverfi hugi stjórnvöld að því að fjölga tvísköttunarsamningum við erlend ríki.

Fjölga tvísköttunarsamningum

Leitað var álits margra forystumanna íslensks atvinnulífs á þeim tillögum að skattabreytingum sem hér eru kynntar. Skattahópurinn þakkar þeim aðilum fyrir góðar ábendingar og stuðning við málið.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, stýrði starfi hópsins.

Í skattahópnum störfuðu:

Guðjón Rúnarsson
Auður Þórisdóttir
Árni Harðarson
Bernhard Bogason
Bryndís Kristjánsdóttir
Friðrik J. Arngrímsson
Helga Hlín Hákonardóttir
Helgi Sigurðsson
Kristján Gunnar Valdimarsson
Sigurður Viggósson
Sævar Helgason
Vala Valtýsdóttir
Vilhjálmur Jónsson
Þorsteinn Þorgeirsson

Samtök fjármálafyrirtækja, formaður
Íslandsbanki-FBA
Deloitte & Touche
KPMG
Fjárvernd-Verðbréf
LÍÚ
Íslandsbanki-FBA
Kaupþing
Búnaðarbankinn
Oddi hf.
Íslensk verðbréf hf.
KPMG
Ölgerðin
Samtök iðnaðarins

2. TEKJUSKATTUR FYRIRTÆKJA


2.1. Almennt

Mörg Evrópuríki hafa lækkað tekjuskatta verulega að undanfögnu til að bæta samkeppnishæfni atvinnulífsins almennt. Er það í takt við almenna þróun sem er að eiga sér stað um heim allan. Frá árinu 1996 – 2001 hefur þróun tekjuskatta meðal ESB-ríkja annars vegar og OECD-ríkja hins vegar verið eins og mynd 1 sýnir. Á mynd tvö sést hve langt einstök Evrópuríki hafa verið að teygja sig í skattalækkunum, en hafa ber í huga að mörg hafa nú gengið enn lengra eða eru í þann mund að stíga slík skref.⁶ Þannig tóku Írar í árslok 1999 ákvörðun um að lækka tekjuskattshlutfall lögaðila niður í 12,5%. Þrátt fyrir að fulltrúar ýmissa ESB- og OECD-ríkja hafi andmælt þeirri ákvörðun er ljóst að henni verður ekki haggð, enda engin rök til að banna ríkjum að viðhafa almennt lágt skattshlutfall sem gengur jafnt yfir alla aðila í rekstri. Þegar er ljóst að þessi aðgerð írskra yfirvalda mun enn fjölga þeim erlendu fyrirtækjum sem kjósa að fjárfesta á Írlandi.⁷ Þá eru stjórnvöld í Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum einnig að stíga skref til frekari lækkunar tekjuskattshlutfallsins.

Tekju-
skattar að
lækka víða
í Evrópu

Mynd 1

**Þróun meðalskattlagningar á hagnað fyrirtækja
innan Evrópusambandsins og OECD⁸**




⁶ Rétt er að hafa í huga að tekjuskattshlutfallið eitt og sér er ekki algild viðmiðun þar sem önnur atriði geta haft veruleg áhrif á raunskattbyrði.

⁷ Sjá um þetta t.d. umfjöllun í International Tax Review 1. hefti 2001. Benda má á að mörg stórfyrirtæki, eins og Microsoft, hafa kosið að koma verulegum hluta starfsemi sinnar fyrir á Írlandi af þessum sökum.

⁸ Heimild: KPMG Tax & Legal.

Mynd 2

Tekjuskattshlutfall fyrirtækja í nokkrum viðmiðunarlöndum⁹



Sem fyrr segir ber að hafa í huga að mörg lönd hafa nú gengið enn lengra eða eru í þann mund að stíga slík skref. Þannig tóku Írar í árslok 1999 ákvörðun um að lækka tekjuskattshlutfall lögaðila niður í 12,5%. Þá eru stjórnvöld í Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum einnig að stíga skref til frekari lækkunar tekjuskattshlutfallsins.

2.2. Þjóðhagsleg áhrif af lækkun tekjuskatts

Áhrif alþjóðavæðingar

Alþjóðvæðing atvinnulífsins hefur leitt til þess að atvinnutækifærin færast til þeirra ríkja sem bjóða upp á best starfsskilyrði. Skattalækkanir hafa verið áhrifaríkasta aðferðin til að sporna við slíkum brottflutningi fyrirtækja og atvinnutækifæra. Margir hagfræðingar og hagstjórnendur hafa haldið því fram að slík lækkun tekjuskattshlutfalls fyrirtækja hafi í raun ekki í för með sér lækkun ríkistekna. Eins og fram kemur í álitserð Ásgeirs Jónssonar, hagfræðings Hagfræðistofnunar HÍ, sem birt er sem fylgiskjal með skýrslu þessari, er lækkun tekjuskatta fallin til þess að auka svigrúm fyrirtækja til nýsköpunar og þróunarvinnu og til að greiða starfsmönnum hærra laun. Þannig eru færð rök fyrir því að tekjuskattslækkanir stuðli að auknum hagvexti ríkja. Skattar sem eru hærri en keppinautar í nágrannaríkjum búa við ýta undir að fyrirtæki eyði hagnaði í óarðbærar fjárfestingar.

Minni hvati til óarðbærra fjárfestinga

Ljóst er að meira þarf til en smávægilegar lækkunir skattshlutfalls til að breyta þessari hegðun. Lágt tekjuskattshlutfall er einnig líklegt til að draga verulega úr svartri atvinnustarfsemi, þar sem mögulegur ágóði skattundanskota yrði minni en svo að lengur væri hægt að réttlæta fyrir eigendum þá áhættu sem tekin er við slíka iðju. Telja verður að eftir töluverðu sé að slægjast fyrir ríkissjóð í því sambandi því samkvæmt skýrslu sem gerð var á vegum Fjármálaráðuneytisins árið 1993 var talið að tekjutap ríkis og sveitarfélaga vegna skattsvika væri allt að 11 milljörðum króna á árinu 1992, eða 9% af heildarskatttekjum hins opinbera.

⁹ Heimild: KPMG Tax & Legal.

Heildartekjur íslenska ríkisins af tekjuskatti lögaðila árið 2000 voru kr. 8.257 milljónir, á meðan heildarskatttekjur ríkisins sama ár voru kr. 193.064 milljónir. Tekjuskattur lögaðila var því um 4% af heildarskatttekjum ríkissjóðs. Þetta hlutfall hefur samt farið vaxandi allt frá 1993 þegar fyrstu stóru skrefin í átt til lækkunar tekjuskatta á innlend fyrirtæki voru stigin. Þar kemur til aukinn hagnaður fyrirtækjanna, minni verðbólga og breiðari skattstofn.

Ef fram heldur sem horfir verður þess ekki lengi að bíða að Ísland standi langt að baki helstu viðskiptalöndum sínum hvað skattbyrði fyrirtækja varðar. Ljóst er að erfitt er að reikna beint út heildaráhrif af stórfelldri lækkun skatthlutfallsins á ríkissjóð. Bein áhrif af lækkun hlutfallsins niður í t.d. 15% mundi leiða til þess miðað við forsendur ársins 2000 að hlutfall af heildarskatttekjum færi úr 4% í 2%. Ljóst er þó að sú yrði ekki raunin þegar til lengri tíma er litið þar sem fyrirtækin myndu auka hagnað sinn í sama hlutfalli.

Tekjuáhrif

Í ljósi þess sem þegar hefur komið fram er það tillaga hópsins að tekjuskattur hlutafélaga verði lækkaður í 15%, úr 30%. Til samræmis er gerð sú tillaga að tekjuskattshlutfall sameignarfélaga verði lækkað í 23,5%.

15% tekju-
skatt

Tillaga skattahóps SA

Lagt er til að 1. málsl. 1 mgr. og 2. mgr. 72. gr. laga nr. 75/1981 verði svohljóðandi:

*Tekjuskattur lögaðila skv. 1., 2., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. skal vera **15%** af tekjuskattstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr., sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.*

Tekjuskattur sameignarfélaga, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr., skal vera 23,5% af tekjuskattstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

3. EIGNARSKATTUR FYRIRTÆKJA

3.1. Almennt

Aukin byrði Eignarskattur er lagður á eignir fyrirtækja að því leyti sem þær eru umfram skuldir. Um er að ræða almennan eignarskatt sem nemur 1,20% og sérstakan eignarskatt sem nemur 0,25%. Mikil gagnrýni hefur verið álagningu eignarskatts á undanförunum árum, ekki síst eftir að hann fór að verða meiri byrði á fyrirtækin í kjölfar aukins hagnaðar þeirra. Álagður eignarskattur hækkaði þannig um 14,2% á milli áranna 1999 og 2000.

Margsköttun Eignarskattar eru afar „grimmir“ gagnvart greiðendum sínum að því leyti að þeir leggjast aftur og aftur á sömu eignina. Þeir draga þannig úr vilja fyrirtækja og einstaklinga til að fjárfesta í varanlegum eignum og eru í raun í þeim skilningi neysluhvetjandi. Svo dæmi sé tekið um hversu íþyngjandi þessi skattur er fékk skattahópur SA upplýsingar um að eitt hérlent fyrirtæki, Olúfélagið hf., hafi greitt um 2,5% af álögðum Þjóðarbókhölduskatti (sérstökum eignarskatti) til ríkisins árið 2000. Samtals námu greiðslur Olúfélagsins í Þjóðarbókhölduskatt 128 m.kr. yfir tímabilið, eða um 10% af eigin fé fyrirtækisins. Bent skal á að fyrir fyrirtæki með rekstur á landsbyggðinni er skatturinn enn þungbærari þar sem skattstofninn miðast við fasteignamat, sem iðulega er mun hærra en raunvirði eigna úti á landi. Með réttu má því halda fram að þessi skattur bitni sérstaklega hart á fyrirtækjum sem þjónusta landsbyggðina.

Óhagstætt fyrir landsbyggðina


Dæmi um skattbyrði Neðangreind tafla sýnir eignarskatta greidda af Olúfélaginu hf. og dótturfélögum 1986-2000, miðað við verðlag í árslok 2000. Þjóðarbókhölduskatturinn er tekinn sérstaklega út, en hann var upphaflega lagður á tímabundið til að fjármagna byggingu Þjóðarbókhöldu.

Tímabil	Sérstakur eignarskattur	Eignarskattar alls
1986-1999	118.900.948	670.671.426
2000	10.247.121	59.433.302
Samtals	128.653.827	730.104.728

Eins og sjá má greiddi Olúfélagið hf. alls 730 m.kr. í eignarskatta á tímabilinu. Hefði félagið fengið að ávaxta þetta fé í stað þess að greiða þá til ríkisins í formi eignarskatta má ætla að það hefði greitt kr. 61 m.kr. meira í tekjuskatta en það gerði á sama tímabili.¹⁰ Þetta sést vel á mynd 3.

¹⁰ Ávöxtun miðuð við meðalarðsemi fyrirtækisins á tímabilinu.

Mynd 3



Eftirfarandi tafla sýnir ágætlega hve íþyngjandi eignarskattar eru á fyrirtækin miðað við mismunandi arðsemi:

Tafla 1

Raunveruleg skattlagning á arðsemi fyrirtækja¹¹

Eigið fé 1/1	Arðsemi eigin fjár fyrir skatta %	Hagnaður fyrir skatta	Tekjuskattur	Eignarskattur	Samtals tekju- og eignarsk.	Raunverulegt skatthlutfall %
100.000	1,0%	1.000	300	1.465	1.765	176,5%
100.000	2,0%	2.000	600	1.479	2.079	104,0%
100.000	3,0%	3.000	900	1.494	2.394	79,8%
100.000	4,0%	4.000	1.200	1.508	2.708	67,7%
100.000	5,0%	5.000	1.500	1.523	3.023	60,5%
100.000	6,0%	6.000	1.800	1.537	3.337	55,6%
100.000	7,0%	7.000	2.100	1.552	3.652	52,2%
100.000	8,0%	8.000	2.400	1.566	3.966	49,6%
100.000	9,0%	9.000	2.700	1.581	4.281	47,6%
100.000	10,0%	10.000	3.000	1.595	4.595	46,0%
100.000	11,0%	11.000	3.300	1.610	4.910	44,6%
100.000	12,0%	12.000	3.600	1.624	5.224	43,5%
100.000	13,0%	13.000	3.900	1.639	5.539	42,6%
100.000	14,0%	14.000	4.200	1.653	5.853	41,8%
100.000	15,0%	15.000	4.500	1.668	6.168	41,1%

¹¹ Heimild: Símon A. Gunnarsson, KPMG

3.2. Þróun erlendis

Tafla 2 sýnir í hnotskurn sérstöðu Íslands í álagningu eignarskatta.

Tafla 2

Eignarskattar á fyrirtæki í OECD ríkjum þar sem hann er/var lagður á¹²

Ríki	Skatthlutfall (%)	Heiti skattsins	Athugasemdir
Ísland	1,45	Eignarskattur: 1,2% Sérst. eignarsk. 0,25%	
Mexíkó	1,8	Tax on business assets	
Rússland	Allt að 2%	Tax on property	Svæðisstjórnir leggja á félög
Lúxemborg	0,5	Net wealth tax	Lagt á nettóeign félaga
Finnland	0		Útibú erlendra fyrirtækja, einstaklingar og sf. greiða 1% „net wealth tax“
Noregur	0		Einstaklingar og erlend fyrirtæki greiða 0,3% „net wealth tax“ af eignum í Noregi
Kanada	0		Aflagt 1999
Ítalía	0		Aflagt 1.1.1998
Þýskaland	0		Aflagt 1.1.1997
Austurríki	0		Aflagt 1.1.1994

3.3. Þjóðhagsleg áhrif afnáms eignarskatts

Tekjuáhrif


Tekjur ríkisins af eignarskatti fyrirtækja voru alls kr. 2.454 milljónir árið 2000, sem nam um 1,27% af heildarskatttekjum ríkissjóðs það ár.¹³ Miðað við 8% meðalávöxtun á ári hefðu þessir fjármunir í vasa fyrirtækjanna skilað auknum hagnaði upp á rúmar kr. 196 milljónir en sá tekjuauki hefði að líkindum þýtt hækkun tekjuskatts í vasa ríkissjóðs um tæpar 59 milljónir kr. Mynd 5 sýnir möguleg tekjuáhrif, miðað við sömu forsendur, horft til næstu 20 ára ef eignarskattur væri afnuminn. Eins og þar sést má ætla að tekjur ríkisins ykjust til lengri tíma litið við afnám skattsins. Myndin miðast við gildandi tekjuskattshlutfall.

¹² Heimildir: International Tax and Business Guide Series: Deloitte, Touche, Tohmatsu 2000. Upplýsingarnar miðast við lok árs 1999.

¹³ Heildarskatttekjurnar námu um 193.064 milljónum kr., sbr. kafla 2.2.

Mynd 4

Afnám eignarskatts á lögaðila - tekjuáhrif



3.4. Tillaga skattahóps SA

Afnám
eignarskatta

Þar sem eignarskattar stangast á við stefnu OECD um hlutleysi fjármagnsskatta, skerða samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja verulega og draga úr möguleikum á að laða hingað erlendar fjárfestingar leggur skattahópur SA til að þetta skattform verði afnumið. Brýnt er að gengið verði strax í þær aðgerðir.

Með hliðsjón af því er lögð til eftirfarandi breyting á lögum nr. 75/1981:

1. mgr. 2.gr. laganna orðist svo:

Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað hvíli á þessum lögaðilum.

Eftirtaldar lagagreinar falli brott:

77. gr. og 84. gr.

4. STIMPILGJÖLD

4.1. Gildandi löggjöf

Núgildandi lög um stimpilgjald nr. 36/1978 leystu af hólmi lög nr. 75/1921. Samkvæmt lögunum eru ýmis íslensk skjöl stimpilgjaldsskyld, s.s. afsöl og önnur skjöl vegna fasteigna og skipa, hlutabréf eða skilríki fyrir eignarhluta í félögum með takmarkaða ábyrgð, félagssamningar félaga með ótakmarkaða ábyrgð, skuldabréf, tryggingabréf og víxlar. Öll verðbréf eru stimpilgjaldsskyld óháð því hvort þau teljast markaðsverðbréf eða ekki. Fjárhæð stimpilgjalds er mismunandi eftir tegund skjals, en er almennt á bilinu 0,5-2%.

4.2. Tekjur ríkissjóðs af innheimtu stimpilgjalda

Lækkandi
hlutfall af
tekjum
ríkisins

Hlutfall stimpilgjalda af heildarskatttekjum ríkissjóðs hefur farið lækkandi á síðustu árum. Þannig nam þetta hlutfall 1,5% á síðasta ári og hefur lækkað um eitt prósentustig frá 1990. Skýringarinnar má m.a. leita í bættu rekstrarumhverfi fyrirtækjanna, sem hefur leitt til meiri veltu í þjóðfélaginu og því hafa tekjur ríkissjóðs af öðrum sköttum hækkað hlutfallslega meira.

Tafla 3

Tekjur ríkissjóðs af innheimtu stimpilgjalda

Ár	Tekjur af stimpilgj. (milljarðar kr.)	Hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs (%)
1990	2,1	2,5
1991	2,2	2,4
1992	2,2	2,4
1993	2,0	2,1
1994	2,2	2,2
1995	2,2	2,1
1996	2,3	2,0
1997	2,7	2,1
1998	2,6	1,6 ¹⁴
1999	3,0	1,6 ¹⁴
2000	3,0	1,5 ¹⁴

Ekki liggja fyrir haldbærar upplýsingar um skiptingu stimpilgjalda eftir einstökum flokkum eða tegundum skjala. Í greinargerð með frumvarpi til laga um stimpilgjald sem lagt var fyrir Alþingi vorið 1998 kom fram að innheimt stimpilgjöld hjá bönkum og sparisjóðum voru nær eingöngu vegna skuldabréfa (80%) og víxla (20%). Um 60% skuldabréfanna voru til lengri tíma en eins árs. Innheimt stimpilgjöld hjá sýslumannsembættum stöfuðu einnig að meiri hluta af skuldabréfum (60%), vegna eignayfirfærslusamninga (25%) og vegna fjárnáma og tryggingarbréfa (15%). Meginhluti skuldabréfanna eða um 2/3 voru vegna húsnæðislána til lengri tíma en tíu ára.

¹⁴ Við samanburð við eldri ár þarf að hafa í huga að þann 1. janúar 1998 tóku gildi lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, en frá þeim tíma var ársreikningur ríkisins gerður upp á rekstrargrunni. Tölur fyrir árið 2000 eru ekki endanlegar.

4.3. Þróun erlendis

Innheimta stimpilgjalda hefur á undanförunum árum verið á hröðu undanhaldi hjá öðrum ríkjum. Meginrökin fyrir þeirri þróun hafa verið það ójafnræði sem gjöldin fela í sér. Nýjar tegundir verðbréfa, eins og afleiður, hafa ýtt enn frekar undir það, þar sem örðugt hefur verið að fella þau undir gjaldskylduna. Á meðfylgjandi töflum frá OECD má sjá hve fá ríki halda enn í þessa tegund skatta. Tafla 4 sýnir stimpilgjöld á útgáfu og tafla 5 á viðskipti með verðbréf.

Á undanhaldi
erlendis

Tafla 4

**Stimpilgjöld á útgáfu verðbréfa hjá vestur-evrópskum OECD-ríkjum
árið 2000¹⁵**

Land:	%
Sviss	1(0,66-0,12 á skuldabréfum)
Austurríki	1(0 á skuldabréfum)
Grikkland	1
Írland	1 á fjárfestingarfyrirtækjum
Ítalía	1(0,5 á fjölskyldufyrirtækjum)
Lúxemborg	1
Holland	1
Spánn	0.5
Belgía	0
Bretland	0
Danmörk	0
Finnland	0
Frakkland	0
Noregur	0
Portúgal	0
Svíþjóð	0
Þýskaland	0

¹⁵ Heimildir: Inventaire des impôts, Commission Européenne, Luxembourg 1996; Steuern in Europe, Amerika und Asien, Mennel und Förster, Berlin 1999; Dictionnaire Permanent Fiscal, Paris 2000.

Tafla 5

Stimpilgjöld á viðskipti með verðbréf hjá vestur-evrópskum OECD-ríkjum árið 2000¹⁶

Land:		%
Austurríki		0,02-2,5
Írland		1 ¹⁾
Bretland		0,5
Grikkland	skuldabréf	0,5
	hlutabréf	0,3
Danmörk	hlutabréf	0,5
Ítalía		0,14 ²⁾
		0,009 ³⁾
Frakkland	hlutabréf	0,15-0,3 ⁴⁾
Sviss		0,15 ⁵⁾
		0,3 ⁶⁾
Belgía		0,1-0,35
Finnland		0
Holland		0
Lúxemborg		0
Noregur		0
Portúgal		0
Spánn		0
Sviss		0
Þýskaland		0

4.4. Rök fyrir lagabreytingu

Samkeppnis-
hindrun

Ljóst er að allt aðrar forsendur eru uppi nú hvað varðar verðbréfiðskipti en þegar lögin voru upphaflega sett á árinu 1921. Íslensk fjármálafyrirtæki starfa nú í alþjóðlegu umhverfi og afar mikilvægt að þau sæti ekki sérstökum samkeppnis-hindrunum sem gera þeim ókleift að þjóna fyrirtækjum á íslenskum markaði jafnvel og erlendir keppninautar. Hérland fyrirtæki hafa á undanförunum árum leitað í auknum mæli til annarra landa við lántökur, meðal annars vegna stimpil-gjalda.

Verðbréfa-
sjóðir

Með lögum nr. 21/1996 var gerð breyting á lögum um verðbréfasjóði nr. 10/1993, þar sem hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða voru undanþegin stimpil-gjaldi. Kom fram í greinargerð með frumvarpi til laganna að víðast hvar erlendis hefðu stimpilgjöld verið felld niður á peningamarkaði og að með lagabreytingunni væri stefnt að því að jafna samkeppnisstöðu innlendra verðbréfasjóða gagnvart erlendum verðbréfasjóðum sem heimilt væri að markaðssetja hér á landi. Jafnframt kom fram að stimpilgjöld af hlutdeildarskírteinum kynnu að vissu leyti að fela í sér tvísköttun þar sem ýmsar eignir verðbréfasjóða eru stimpilgjaldsskyldar

¹⁶ Sama heimild. ¹⁾ Skuldabréf og opinber lán eru ekki skattlögð. ²⁾ Á hlutabréf, sem ekki eru á hlutabréfamarkaði. ³⁾ Á ríkisskuldabréf að hámarki 1,8 milljónir líra, hver skipti. ⁴⁾ Almennur afsláttur er 150 franskir frankar. Skatturinn verður ekki hærri en 4.000 frankar. ⁵⁾ Innlend bréf. ⁶⁾ Erlend bréf.

auk þess sem stimpilgjaldsskylda hlutdeildarskírteina kynni að vera óþarflega íþyngjandi fyrir viðskiptamenn verðbréfasjóða.

Þess konar tvísköttun eða margsköttun sem stimpilgjaldaformið leiðir oft til var einmitt ein meginröksemdin fyrir afnámi söluskatts á Íslandi árið 1988. Varðandi stimpilgjöldin gerist þetta þegar verið er að endurfjármagna eldri lán. Slíkt gjald hleðst upp í viðskiptaferlinu og torveldar uppbyggingu virks verðbréfamarkaðar hérlandis.

Margsköttun

Stimpilgjald á verðbréf bitnar mun harðar á litlum og meðalstórum fyrirtækjum en þeim stærri, þar sem síðastnefndu fyrirtækin leita í auknum mæli til útlanda eftir lántökum vegna betri lánskjara þar. Möguleiki erlendra samkeppnisaðila til að bjóða betri kjör er augljóslega meiri þegar engin stimpilgjöld bætast við lántökukostnaðinn.

Bitnar mest á litlum fyrirtækjum

Ljóst er að stimpilgjöld eru langt frá því að vera hlutlaust skattform, eins og OECD leggur mikla áherslu á.

4.5. Tillaga skattahóps SA

Í ljósi framangreinds leggur skattahópur SA til að stimpilgjöld af útgáfu og viðskiptum með viðskiptabréf verði felld brott.

Afnám stimpilgjalda af viðskiptabréfum

Þó að ekki sé um stóran tekjustofn að ræða geta staðið rök til, út frá tekjuáhrifum, að fella þessi gjöld út í áföngum. Eðlilegt er að stjórnvöld meti með hvaða hætti það verður best gert. Íslenskum fjármálamarkaði mun hins vegar stafa mikil hætta af því ef afnám gjaldanna dregst of lengi og því brýnt að áfangarnir verði fáir og stórir.

5. EIGNARHALDSFÉLÖG, HLUTABRÉFASJÓÐIR, SÖLU HAGNAÐUR AF HLUTABRÉFUM, VERÐBRÉFASJÓÐIR

5.1. Almennt

Óþroskaður
fjármála-
markaður

Íslenskur fjármálamarkaður er ungur að árum og um margt óþroskaður. Reyndar hafa orðið verulegar breytingar til framfara á síðasta áratug, en mörg skref eru enn í að við getum jafnað okkur saman við hina alþjóðlegu fjármálamarkaði í samkeppnislöndunum. Ekki þarf að horfa lengra en til frænda okkar Svía og Dana til að sjá mun þroskaðri og skilvirkari fjármálamarkaði sem laðað hafa til sín mikið af erlendum fjárfestum.

Lykillinn að því að fjármálamarkaður nái að þroskast með eðlilegum hætti er að stjórnvöld skapi honum starfsskilyrði sem gera hann samkeppnishæfan í alþjóðlegu tilliti. Þegar hefur verið minnst á tvö lykilatriði í því sambandi, þ.e. nauðsyn á að fella brott bæði eignarskatta og stimpilgjöld. Hins vegar þarf að huga að fleiri atriðum ef takast á að ná tilætluðu markmiði.

Reglur sem
hindra vöxt
innlends
markaðar

Því miður finnast enn í hérlendum lögum og reglum þættir sem hindra eðlilegan vöxt innlends fjármálamarkaðar. Lög um verðbréfasjóði, nr. 10/1993, setja fjárfestingarstefnu slíkra sjóða mun þrengri skilyrði en almennt gerist erlendis.¹⁷ Af þessum sökum hafa íslensk fjármálafyrirtæki fremur kosið að stofna sína verðbréfasjóði erlendis, þótt stærstur eða allur hluti fjárfestanna séu íslenskir. Þá draga reglur um skattlagningu erlendra aðila af söluhagnaði hlutabréfa og framkvæmd á því sviði verulega úr möguleikum okkar fjármálafyrirtækja á að markaðssetja sig og íslensk hlutabréf á erlendum mörkuðum. Hlutabréfasjóðir stofnaðir hér á landi eiga verulega undir högg að sækja þar sem gildandi reglur leiða til tvískattlagningar, greiða þarf skatt af bæði þeim hagnaði sem myndast í einstökum félögum sem mynda sjóðinn og þeim hagnaði sem myndast í sjálfum sjóðnum.

Eignarhalds-
félög frekar
stofnuð
erlendis

Sömu skattareglur gera það að verkum að eignarhaldsfélög um einstakar fjárfestingar eru frekar stofnuð erlendis en hér á landi. Fjárfestar sjá sér hag í að sameinast undir einu nafni um tiltekna fjárfestingu, bæði vegna aukins hagræðis og svo þeir geti þeir beitt sameinuðum kröftum til áhrifa í því félagi sem fjárfestingin beinist að. Samkvæmt íslenskum skattareglum þurfa slík félög að greiða fullan tekjuskatt af þeim hagnaði sem skapast við sölu á eignarhluta þeirra í öðrum félögum, auk þess sem eignarhaldsfélaginu sjálfu ber að greiða tekjuskatt af hagnaðinum sem myndast innan félagsins.

Þegar Íslendingar stofna eignarhaldsfélög erlendis leiða gildandi ákvæði einnig til þess að arður greiddur út til innlends rekstraraðila af hlutafélögum sem skráð eru erlendis er einungis frádráttarbær frá rekstri ef hann hefur verið skattlagður með sambærilegum hætti í hinu erlenda ríki. Þetta hefur leitt til þess að íslenskir fjárfestar sem hafa stofnað eignarhaldsfélög erlendis greiða arðinn ekki út úr eignarhaldsfélagunum, heldur halda fjármuninum ytra.

¹⁷ Breyting á lögnum með l. nr. 17/1999 miðaði að því að bæta úr þessu en ljóst er að engan veginn var gengið nægilega langt.

5.2. Skattaleg meðferð söluhagnaðar og arðs

Einfaldasta leiðin og árangursríkasta til að leysa vandamál innlendra eignarhaldsfélaga og hlutabréfasjóða er að afnema skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum í eigu lögaðila. Samkvæmt 17. gr. laga nr. 75/1981 skal skattleggja söluhagnað vegna sölu á hlutabréfum með sama hætti og aðrar tekjur. Í 8. tl. 31. gr. sömu laga er hins vegar kveðið á um að hlutafélög, félög og samlög megi draga frá tekjum þá fjárhæð sem þau hafa fengið í arð af hlutum og hlutabréfum í félögum sem skráð eru hér á landi með lögmætum hætti. Ákvæði þetta tekur einnig til arðs frá hlutafélögum sem skráð eru erlendis ef það félag sem arðinn fær sýnir fram á að hagnaður hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi. Í greinargerð frumvarpsins sem lá að baki lagabreytingunni kom fram að með undanþágu skattlagningar arðgreiðslanna væri fyrst og fremst verið að koma í veg fyrir tvísköttun, þ.e. að hinn eiginlegi rekstrarhagnaður sé skattlagður bæði hjá því félagi þar sem hagnaðurinn myndast og síðan aftur hjá eiganda hlutafjárins.

Afnám skatta af söluhagnaði hlutabréfa í eigu lögaðila

Skattahópur SA telur að sömu rök eigi tvímælalaust við um skattlagningu söluhagnaðar vegna hlutabréfasölu lögaðila. Það er einnig í samræmi við almennar jafnræðisreglur og áherslur OECD á hlutleysi fjármagnsskatta að samræma skattlagningu þessara tveggja fjármagnstekjuforma, enda verður að telja að til lengri tíma litið endurspegli hlutabréfaverð raunhagnað fyrirtækja.

Sambærileg meðferð söluhagnaðar og arðs

Taka má dæmi af hlutafélagi sem kaupir hlutabréf í öðrum tveimur hlutafélögum, A og B, fyrir kr. 1000 í hvoru félagi. Bréfin eru keypt á sama tíma og fyrirtækin skila sama hagnaði í 10 ár. Að þeim tíma liðnum eru bréfin seld. Munurinn er hins vegar sá að A greiðir eigendum sínum 100 kr. arð á ári öll árin. B greiðir hins vegar aldrei út arð. Hlutafélagið selur hlut sinn í A að 10 árum liðnum á 1000 kr. og greiðir því engan skatt, hvorki af söluhagnaði (þar sem hann er enginn) né af arðgreiðslunum. Á sama tíma selur það hlut sinn í B á 2000 kr. og ber því að greiða 30% tekjuskatt af söluhagnaðinum.

	A	B
Kaup hlutabréfa	-1000 kr	-1000 kr
Arðgreiðslur samtals	1.000 kr.	0 kr.
Sala hlutabréfa	1.000 kr.	2.000 kr.
Skattlagning	0 kr.	300 kr.
Hagnaður af eign	1.000 kr.	700 kr.

Umræða þess efnis að skattleggja söluhagnað með sama hætti og arð hefur átt sér stað meðal margra OECD ríkja, svo sem í Danmörku, en þar var lagt fram

Aðrar leiðir erlendis

frumvarp í þessa veru til kynningar á danska þinginu síðasta haust. Í Noregi hefur verið beitt svokallaðri RISK-aðferð við skattlagningu söluhagnaðar. Stofnverð hlutabréfanna er þá leiðrétt með tilliti til breytinga á skattlögðu eigin fé hlutafélagsins. Við sölu á hlutabréfum dregst þannig leiðrétt stofnverð frá söluverðinu og mismunurinn telst skattskyldur söluhagnaður. Gallinn við þessa aðferð er hversu flókin hún er í framkvæmd.

5.3. Tengsl hlutabréfa- /verðbréfasjóða og hefðbundinnar fjárvörslu

Fjárvarsla og sjóðir

Hlutabréfa- og verðbréfasjóðir eru ekki ólíkir fjárvörslu fjármálafyrirtækja fyrir einstaklinga, sem oftast byggir á fjárfestingarstefnu sem aðilarnir koma sér saman um. Þannig nýtir eigandi fjármagnsins sér þekkingu, tengsl og nálægð fjárvörsluaðilans við markaðinn.

Til að skapa trúverðugleika viðkomandi fjárfesta og til að ná hagkvæmari kjörum getur verið mun hagkvæmara að stofna sérstakan sjóð til að halda utan um slíka fjárvörslu. Þannig ættu einnig að liggja fyrir skýrari leiðbeiningar (reglur) um samband fjárfestanna annars vegar og stjórnenda sjóðsins hins vegar, í stað einfaldra fjárvörslusamninga.

Verðbréfasjóðalögin, nr. 10/1993, voru upphaflega sett í kjölfarið af undirritun EES-samningsins. Fyrirmynd laganna var tilskipun EB 85/611 um svokallaða UCITS-sjóði. Heimilt er að markaðssetja slíka sjóði gagnvart almenningi og bera því lögin sterkan keim af neytendavernd, sbr. ákvæði um starfsleyfi, innlausnarskyldu, aðskilnað rekstrar- og vörsluaðila, upplýsingaskyldu og eftirlit FME. UCITS-sjóðirnir eru mjög algengir á Evrópska efnahagssvæðinu, enda njóta þeir svokallaðs Evrópupassa, þ.e. slíkum verðbréfasjóðum sem hlotið hafa starfsleyfi í einu EES-ríki er heimilt að markaðssetja sig á öllu EES.

Löggjöfin hindrar stofnun áhættu- og atvinnugreinasjóða

Fjárfestingarstefna verðbréfasjóða hér á landi er að lang mestu leyti takmörkuð við fjárfestingu í félögum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamörkuðum og ákvæði um áhættudreifingu fjárfestinga eru einnig rík. Þannig girða lögin fyrir að hægt sé að stofna svokallaða áhættusjóði, sem fjárfesta fyrst og fremst í sprotafyrirtækjum, eða atvinnugreinasjóði, sem fjárfesta aðeins í tilteknum atvinnugreinum, s.s. sjávarútvegi eða hátæknigeira.

Vegna þessa hafa hérland fjármálafyrirtæki átt þess eins úrkosta að stofna hlutabréfasjóði ef ætlunin er að bjóða fjárfestum upp á rýmri fjárfestingarmöguleika, sbr. það sem þekkist erlendis. Áður hefur verið bent á það skattalega óhagræði sem hlutabréfasjóðir búa við, enda gilda um þá sömu reglur og um önnur hlutafélög. Verðbréfasjóðir sem stofnaðir eru á grundvelli laga nr. 10/1993 eru hins vegar undanþegnir staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur skv. ákvæði 3. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1996 og greiða ekki tekjuskatt.

Íslenskir sjóðir standa höllum fæti

Viða erlendis bjóða lög um verðbréfasjóði upp á að verðbréfasjóðir séu stofnaðir með mun frjálsgri fjárfestingarstefnu en gildir um UCITS-sjóði, sem tryggir þeim samkeppnishæft starfsumhverfi. Íslensku sjóðirnir standa því höllum fæti gagnvart erlendri samkeppni.

5.4. Tillögur skattahóps SA

Til að forðast flóknar reglur telur skattahópur SA farsælast að fara þá leið að skattleggja söluhagnað með sama hætti og arð og um leið að afnema skattlagningu söluhagnaðar erlendra aðila af hlutabréfum¹⁸. Slík regla mundi leysa vanda íslenskra hlutabréfasjóða og jafnframt skapa heppileg rekstrarskilyrði fyrir eignarhaldsfélög um einstakar fjárfestingar í fyrirtækjum. Jafnframt yrði eytt óvissu og vandkvæðum í framkvæmd varðandi söluhagnað erlendra aðila af íslenskum hlutabréfum. Þess konar regla mundi einnig snúa við þeirri þróun að innlendir fagfjárfestar leiti erlendis um fjárfestingar sínar og ætti að leiða til þess að íslensk eignarhaldsfélög og hlutabréfasjóðir yrðu aðlaðandi kostur fyrir erlenda fjárfesta.¹⁹ Innlend stjórnvöld hafa einmitt ítrekað lýst áhyggjum sínum af miklu fjármagnsstreymi út úr landinu á síðustu misserum.

Söluhagnaður og arður skattlagðir eins

Með því að stíga þetta skref mundi Ísland skipa sér í forystusveit þjóða í skattamálum. Ekki ætti að vera hætta á að OECD eða aðrar alþjóðlegar stofnanir geti sett út á lögfestingu slíkrar reglu þar sem í henni felst ekki óhlutlægni eða mismunur og fyrir henni eru efnisleg rök sem tekið hefur verið tillit til í löggjöf margra ríkja þótt ekki hafi verið gengið svo langt eins og hér er lagt til, nema að uppfylltum skilyrðum um eignarhaldstíma og/eða tiltekið eignarhlutfall.

Ísland í forystusveit

Með hliðsjón af þessu eru lagðar til eftirfarandi breytingar á lögum nr. 75/1981:

Orðin „þar með talinn söluhagnað“ í 7. tl. 3. gr. skulu breytast í „þó ekki söluhagnað“.

Við 31. gr. laga nr. 75/1981 bætist nýr töluliður, 9. töluliður, svohljóðandi:

Þá fjárhæð sem hlutafélög, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., og félög og samlög sem falla undir 2. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. hafa hagnast um við sölu hluta og hlutabréfa, sbr. 17. gr., í félögum er greinir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., þó ekki af félögum sem hafa starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags. Ákvæði þetta skal einnig taka til söluhagnaðar hluta eða hlutabréfa í hlutafélögum sem skráð eru erlendis ef það félag sem hagnast hefur af sölu hlutanna eða hlutabréfanna sýnir fram á að hagnaður hins erlenda félags hefur verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi.

Þá leggur skattahópurinn til að stjórnvöld hefjist nú þegar handa við að víkka lög um verðbréfasjóði þannig að heimilt verði að stofnsetja hér á landi verðbréfasjóði sem hafa frjálsar hendur um þá fjárfestingarstefnu sem þeir marka sér en njóti sambærilegrar skattlagningar og verðbréfasjóðir sem starfandi eru í dag. Lagt er til að fjárfestingarheimildir verði almennt víkkaðar, hugsanlega á kostnað þess að

Rýmri lög um verðbréfasjóði

¹⁸ Þótt afnám skattlagningar söluhagnaðar erlendra aðila yrði ekki í samræmi við skattlagningu arðstekna erlendra aðila af hlutabréfum verður engu að síður að telja regluna eðlilega og í samræmi við þá tvísköttunarsamninga sem Ísland hefur gert. Skattlagning erlendra aðila af söluhagnaði hefur reynst erfið og stundum vonlaus í framkvæmd meðan skattlagning arðstekna er auðveld í staðgreiðslukerfinu.

¹⁹ Hafa má í huga að það eitt að reyna að útskýra hérlendar reglur um skattlagningu söluhagnaðar fyrir áhugasömum erlendum fjárfestum nægir oft til að þeir snúi sér til annarra landa.

tilteknir sjóðir njóti framangreinds Evrópupassa, kjósi stofnendur sjóðsins svo. Jafnframt verði heimilt að setja á fót verðbréfasjóði sem ekki lúta hinni ströngu neytendavernd, s.s. um innlausnarskyldu, enda séu slíkir verðbréfasjóðir ekki markaðssettir gagnvart almenningi heldur aðeins fagfjárfestum.

5.5. Áhrif breytinga á tekjur ríkissjóðs

Tekjuáhrif

Telja verður að framangreindar breytingar hefðu lítil áhrif á beinar skatttekjur ríkissjóðs. Samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 75/1981 er lögaðilum heimilt að fresta tekjufærslu söluhagnaðar af hlutabréfum og jafnframt færa hann niður á móti nýjum fjárfestingum í hlutabréfum. Þetta gera flestir fjárfestar og því lítið um álagningu tekjuskatts af þessum sökum en engu að síður verður tekjuskattskuldbinding áhvílandi á viðkomandi. Erlendir aðilar hafa ekki greitt skatta af söluhagnaði hlutabréfa hér á landi vegna vandkvæða í framkvæmd. Bein áhrif framangreindrar breytingar verða því að teljast óveruleg en óbein áhrif yrðu örugglega jákvæð og gætu orðið mikilvæg lyftistöng fyrir íslenska fjármála-starfsemi. Í framhaldinu ætti að verða auðveldara að ná til landsins stærri sneið af þeirri köku sem geymir erlendar fjárfestingar í heiminum.²⁰

²⁰ Í inngangi skýrslu kemur fram að hafi numið samtals um 60-70 billjónum kr. á árinu 1999.

6. ÓBEINIR SKATTAR OG ÝMIS LEYFISGJÖLD

6.1. Almennt

Skattahópurinn ákvað að skoða sérstaklega óbeina skatta og smærri gjöld, svo sem leyfisgjöld, sem lögð eru á rekstraraðila eða innheimt af vissum starfsstéttum. Virðisaukaskattur var ekki tekinn með í þeirri samantekt enda er hann frábrugðinn að því leyti að gildissvið laga um virðisaukaskatt er mjög víðtækt, auk þess sem um er að ræða aðaltekjustofn ríkissjóðs. Ekki er vitað til að slík heildarúttekt á þessum sköttum og gjöldum hafi áður verið framkvæmd, en samantektin er birt sem fylgiskjal með skýrslunni. Einstakir skattar og gjöld eru þar sundurliðuð eftir tegund, greiðendum, móttakendum og tekjum ríkissjóðs af skattinum/gjaldinu. Samantektin sýnir vel þann aragrúa smærri skatta og gjalda sem lögð eru á atvinnulífið og þó ber að hafa í huga að vegna umfangs verkefnisins má áreiðanlega finna fjölmarga slíka skatta/gjöld sem ekki eru tilgreind í fylgiskjalinu. Ljóst er að algerlega virðist skorta heildstæða stefnu í álagningu og uppbyggingu smærri skatta og gjalda.

Aragrúi smærri gjalda og skatta

Heildartekjur ríkissjóðs af smásköttum og gjöldum, s.s. eftirlits- og skoðunargjöldum, jöfnunar- og vörugjöldum árið 1999 námu um kr. 9.388 milljónum eða um 3,90% af heildarskatttekjum ríkissjóðs. Stór hluti þessara tekna eru markaðar, þ.e. kveðið er á um í lögum og reglum hvert þær eiga að renna.

Ekki reyndist unnt að fá sundurliðaðar upplýsingar um tekjur ríkissjóðs af leyfisgjöldum, en samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1999 námu heildartekjur af slíkum gjöldum rúmum 111 milljónum kr. það ár. Þær tekjur renna beint í ríkissjóð. Tekjurnar skiptust þannig:

- | | |
|--|-----------------|
| ■ Tekjur af leyfum fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi | kr. 15.485.000. |
| ■ Tekjur af gjöldum fyrir veitingu atvinnuréttinda o.fl. | kr. 13.942.000. |
| ■ Tekjur af öðrum leyfisgjöldum | kr. 81.729.000. |

6.2. Niðurstaða

6.2.1. Starfsleyfis- og rekstrargjöld

Sá flokkur gjalda sem lagður er á tiltekna starfsstéttir eða snertir vissa starfsemi virðist fara sívaxandi. Flest þessara gjalda er að finna í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Ef gert er ráð fyrir að tekjur ríkisins af þessum gjöldum árið 2000 hafi verið svipaðar og árið á undan námu þær um 0,06% af heildarskatttekjum síðastliðins árs.

Alvarlega hlýtur að þurfa að skoða hvort réttlætanlegt sé að halda úti slíkum starfsleyfisgjöldum. Á síðasta áratug féllu dómar um að þjónustugjöld skuli ávallt miðast við þann raunkostnað sem felst í veitingu þjónustunnar. Skýra lagaheimild þurfi þannig til álagningar gjalda sem er ætlað að afla ríkinu eða ríkisstofnunum tekna umfram raunverulegan kostnað af veitingu þeirrar þjónustu sem um ræðir. Þótt þau starfsleyfisgjöld sem samantektin geymir styðjist við skýra lagastoð verður að skoða hvort í raun sé verið að greiða fyrir veitta þjónustu eða ekki. Í því sambandi má benda á að hátt í helmingur gjaldanna er tilkominn vegna veitingu starfsleyfa fyrir hvers konar fjármálastarfsemi. Eftirlitsskyld fjármála-fyrirtæki greiða hins vegar sérstaklega kostnað við eftirlit með fjármálastarfsemi. Ekki liggur þannig ljóst fyrir hverju gjöldunum er ætlað að mæta. Til

Réttlætanleg starfsleyfisgjöld?

samanburðar má nefna að ýmsum leyfisgjöldum sem lögð eru á skemmtana-starfsemi og leyfi til áfengisveitinga er ætlað að renna til eftirlits með slíkri starfsemi. Þetta hlýtur að sýna að slík gjöld skapa hættu á mismunun, þ.e. að einni starfsstétt eða starfsgrein sé íþyngt umfram aðrar. Þegar horft er til þess hve lítila tekna gjöldin eru að skila má setja spurningamerki við hvort eðlilegt sé að halda þeim uppi, bæði í ljósi jafnræðissjónarmiða og þess umsýslukostnaðar sem innheimta gjaldanna felur í sér.

6.2.2. Smærri óbeinir skattar

Tekjur af
gjöldum
oft
hverfandi

Mikill munur er á eðli hinna ýmsu smærri skatta sem ríkið leggur á atvinnulífið og einstaklinga. Þannig skila sumir þeirra töluverðum tekjum í þjóðarbúið, t.d. áfengisgjald, flutningsjöfnunargjöld og ýmsir gjaldstofnar sem lagðir eru á landbúnaðarstarfsemi. Önnur gjöld, sérstaklega ýmis konar eftirlitsgjöld, skila hins vegar sáralitlum fjármunum í hlutfalli af heildartekjum. Sem dæmi má nefna aðfangaeftrilitsgjöld vegna landbúnaðarvara og vopnaleitargjöld sem lögð eru á umráðendur loftfara. Bæði gjöldin renna beint í ríkissjóð. Eitt gjald sem getið er um í samantektinni sýnir skýrlega þá flóru sem við er að glíma. Um er að ræða gjald að fjárhæð 2,50 kr. á hvert eintak af almanökum, útgefnum og innfluttum. Gjaldið rennur til Almanakssjóðs HÍ og skilaði 230.000 kr. í hann á síðasta ári. Greiðendur hljóta að spyrja sig hvort ekki væri eðlilegra að ríkið einfaldlega styrkti sjóðinn um slíka fjárhæð ef það er stefna stjórnvalda að styðja sérstaklega við bakið á þessari starfsemi. Samhliða má auðvitað velta fyrir sér hvort eðlilegt sé að þessi tegund upplýsingaútgáfu eigi að njóta sérstaks ríkisframlags, enda hægt að nálgast sambærilegar upplýsingar með öðrum hætti nú, m.a. á Netinu. Hér má líka nefna að innheimta vörugjalda hefur verið á hröðu undanhaldi víðast hvar erlendis.

Hár
innheimtu-
kostnaður

Ljóst er að heilmikill kostnaður er fólgin í innheimtu smærri skatta og gjalda þegar horft er til þess tíma, pappírs og fyrirhafnar sem innheimtan krefst. Í þessu efni má m.a. nefna skyldubundin afnotagjöld RÚV, en innheimtumenn þess hafa teygt sig býsna langt í að krefja fyrirtæki sem t.d. eru með bifreiðar í umsjón sinni um þau gjöld vegna útvarpshlustunar í bifreiðum fyrirtækisins. Burt séð frá spurningunni um hvort lögbundin afnotagjöld útvarps og hljóðvarps eigi rétt á sér er nokkuð ljóst að þegar keyptar eru bifreiðar til notkunar í rekstri er ekki verið að horfa til mögulegrar útvarpshlustunar í bifreiðinni. Hins vegar fylgir innbygggt útvarp öllum seldum bifreiðum þannig að ankannalegt væri að skylda kaupandann til að láta fjarlægja það sérstaklega með tilheyrandi vinnukostnaði af þeirri ástæðu einni að koma í veg fyrir að starfsmenn geti hlýtt á útvarp við akstur.

Erfitt að hafa
heildarsýn

Ljóst er að fjöldi þessara smærri skatta- og gjaldaliða veldur því að afar erfitt er fyrir skattgreiðendurna að hafa heildaryfirsýn yfir slíkar greiðslur eða skilja eðli skattanna. Enn er því langt í land að stjórnsýslan sé gagnsæ, eins og núverandi ríkisstjórn hefur margsinnis lagt áherslu á. Lögfesting laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, er skýrasta dæmið um þá stefnumörkun.

6.2.3. Þungaskattur

Mismunar
atvinnu-
greinum

Þrátt fyrir að ekki hafi verið ætlunin að taka einstaka skattaliði sérstaklega út úr í þessum kafla, verður ekki hjá því komist að minnast á þungaskattinn. Með hliðsjón af áherslum ríkisstjórnarinnar á byggðasjónarmið skýtur nokkuð skökku við að enn sé lagður sérstakur eftirágreiddur skattur á olíu vegna samgangna á landi. Sem dæmi um byrði skattsins kom fram hjá fulltrúum Samskipa hf. að

skattar (þungaskattur og virðisaukaskattur) samsvöruðu um helmingi af kostnaði við gámaflutninga innanlands. Þá nýtur ríkið lögveðs og lögtaksréttar í andlagi skattsins, sem skerðir mjög stöðu þeirra sem lána til fjárfestinga eða rekstrar slíkra samgöngutækja þegar horft er til annarrar lánastarfsemi og almennra reglna kröfuréttar.

Hafa ber í huga að ekki er greiddur slíkur skattur á olíu vegna skipaflutninga. Sú staðreynd veldur því að mismunað er milli atvinnugreina í flutningastarfsemi eftir því hvort valin er landleiðin eða sjóleiðin.

6.3. Tillögur skattahóps SA

Skattahópur SA telur að mörg starfsleyfisgjaldanna megi missa sín, sérstaklega þau sem lögð eru á aðila sem greiða sérstök eftirlitsgjöld á grundvelli annarra laga. Viðbótargjöld á slíka aðila eru hrein tvísköttun, sem ekki verða rökstudd með vísan í kostnað af þeirri þjónustu hins opinbera sem veitt er í tengslum við útgefið leyfi.

Þjónustu-
tengd starfs-
leyfisgjöld

Engum vafa er undirorpið að farsælast er að fella brott suma hinna smærri skatta sem lagðir eru á atvinnulífið í ljósi þess kostnaðar sem felst í innheimtunni. Aðra slíka skatta, sem renna beint í ríkissjóð, væri eðlilegra að sameina í einn gjaldstofn. Sérstaklega á það við um ýmis eftirlitsgjöld, en fyrrgreind lög um opinberar eftirlitsreglur miða einmitt að einföldun og gagnsæi eftirlits og eftirlitsgjalda.

Afnám og
sameining
gjalda

Mikilvægt er að huga að möguleikum á breyttri útfærslu á núverandi þunga-skattskerfi. Áður hafa verið lögð fram lagafrumvörp um að taka upp sérstakt olíugjald í stað þungaskattsins. Ekki náðist sátt um þær tillögur. Jafnframt er brýnt að afnema sem fyrst sérstaka lögveðsheimild og lögtaksrétt ríkisins í andlagi þungaskatts.

Þungaskattur
skoðaður

Skattahópur SA telur því brýnt að:

- Kynnt sé heildstæð stefna um álagningu og uppbyggingu smærri skatta/gjalda.
- Eitt ráðuneyti samræmi álagningu allra smærri skatta/gjalda.
- Markmið samræmingar verði m.a. að vera að tryggja gagnsæi og fella brott gjöld sem kosta álíka mikið eða meira en þær tekjur sem skila sér til baka í ríkissjóð.
- Vandaður rökstuðningur þurfi að liggja að baki álagningu starfsleyfisgjalda.
- Sérstakt lögveð í þungaskatti verði felld brott og jafnframt verði skoðaðar aðrar leiðir til að mæta kostnaði sem vegakerfið þarf að bera af notkun olíuknúinna farartækja.
- Hugað verði að álagningu vörugjalda, enda eru slík gjöld á undanhaldi á helstu viðskiptalöndum.

7. KAUPRÉTTARSAMNINGAR

7.1. Almennt

Með lögum nr. 86/2000, um breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, voru í fyrsta sinn lögfest hér á landi ákvæði um sérstakan skattalegan hvata fyrir starfsmenn til að kaupa hlutabréf í þeim fyrirtækjum sem þeir starfa hjá. Bæði var þar um að ræða almenna reglu um skattalega meðferð slíkra kaupa, en jafnframt hafa lögin að geyma sérreglu um að tekjur af söluhagnaði sem myndast þegar kaupréttur er nýttur skuli skattlagðar sem fjármagnstekjur að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Jákvætt var að við setningu laganna horfðu stjórnvöld m.a. til Bretlands og Bandaríkjanna sem hafa einna lengsta reynslu þjóða af slíkri löggjöf.

Hærra þak

Nú eftir að komin er nokkur reynsla á framkvæmd laganna er það álit skattahóps SA að brýnt sé að breyta einu veigamiklu atriði framangreindrar sérreglu. Það varðar þak sem sett er á hámarks fjárhæð kaupréttar innan hvers árs. Bent var á það af hagsmunaaðilum við þinglega meðferð málsins að lágmarksfjárhæðin 600.000 kr. á hvern starfsmann innan ársins væri alltof lág fjárhæð til að fyrirtæki sæju nægilegan hvata til að bjóða upp á slíkt kerfi. Í ljósi þess tíma og kostnaðar sem uppsetning og utenumhald kaupréttarkerfa krefst af fyrirtækjunum er nauðsynlegt að mögulegur ávinningur starfsmanna af kaupréttinum sé nægilega mikill til að eiginlegur hvati felist í að gera slíkan samning.

Brýnt að þeir séu fyrirhafnarinnar virði

Í þeim löndum sem mikið var horft til við mótun reglunnar er fjárhæðarþakið mun hærra. Þannig er þakið í Bretlandi 3.750.000 kr. og samt hafa samtök atvinnulífsins þar í landi (CBI) lagt áherslu á hækkun þeirra marka.²¹ Ljóst er að nú þegar hlutabréfamarkaður er í niðursveiflu er enn brýnna að sú fjárhæð sem heimilt er að kaupa fyrir sé nægjanlega há til að starfsmenn og fyrirtækin telji það fyrirhafnarinnar virði að ráðast í gerð kaupréttarsamninga. Ekki verður séð hvaða rök standi til þess að þakið sé svo miklu lægra hér á landi en annars staðar. Þá þarf einnig að horfa til þess að önnur skilyrði fyrir því að starfsmanni sé heimilt að nýta sér umrædda sérreglu skattalaganna eru mjög ströng og leiða til þess að í kaupréttinum felst veruleg áhætta og fjárbinding fyrir starfsmanninn. Reynslan hér á landi frá gildistöku hinna nýju ákvæða hefur verið sú að fyrirtækin hafa flest fremur kosið að setja upp annars konar bónuskerfi sem hvatningu fyrir starfsmenn.²² Sú breyting sem gerð var á lögnum á síðasta ári um að girða fyrir að heimilt væri að færa ónýttan kauprétt á milli ára ýtir enn frekar undir þörfina á að mörkin verði hækkuð.²³

²¹ Sjá skýrslu Confederation of British Industry (CBI), febrúar 2001.

²² Fyrir utan hrein afkastakerfi, þ.e. þegar greitt er aukalega fyrir aukinn árangur/framleiðni hvers starfsmanns, hafa fyrirtæki komið sér upp ýmiss konar hvatakerfum. Sem dæmi má taka kerfi þar sem miðað er við raunhagnað fyrirtækjanna, samanburð við samkeppnisaðila o.fl. Í þessu sambandi ber einnig að hafa í huga að sérregla íslensku skattalaganna heimilar ekki að fyrirtæki bjóði einvörðungu völdum lykilstarfsmönnum kaupréttarsamning. Upphafleg lög í Bretlandi voru einnig þannig en fljótlega sáu þarlend stjórnvöld hve sterk rök voru fyrir að opna fyrir slíka heimild til að auka möguleika fyrirtækjanna á að halda starfsmönnum, ekki síst í samkeppni við erlenda keppinauta.

²³ Bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum er heimilt að færa ónýttan kauprétt á milli ára, þannig að ef rétturinn er ekki fullnýttur eitt árið er heimilt að taka það sem eftir stendur með sér til síðari ára.

7.2. Tillaga skattahóps SA

*Í stað fjárhæðarinnar „600.000 kr.“ í 7. tl. 8. gr. B laga nr. 75/1981 komi:
„2.000.000 kr.“*

Samhliða verði heimilað að samningsaðilar geti endurskoðað kaupréttargengi ef gengi bréfanna hefur lækkað.

8. NÝSKÖPUN, VÍSINDI OG RANNSÓKNIR

8.1. Almennt

Mikilvægi
rannsókna
og þróunar

Rannsóknir og þróun og tilheyrandi nýsköpun þeim samfara eru áhrifamiklir drifkraftar í hagvexti nútímaþjóðfélaga. Menntamál spila stóran þátt í þeirri þróun. Til að standast samkeppni um fjármagn og vel menntað vinnuafli þarf innlend löggjöf að vera þannig úr garði gerð að vel sé hlúð að þessum þáttum.

Í raun má skipta þessum málum í tvennt, þ.e. annars vegar rannsóknir og nýsköpun sem unnar eru af fyrirtækjunum sjálfum og hins vegar framlög fyrirtækja til nýsköpunar og þróunar hjá öðrum aðilum. Áhersla fyrirtækja á menntun hefur t.d. verið að vaxa að undanförunu og nýleg dæmi eru um að fyrirtækjahópar hafi gert sérstaka samstarfssamninga við einstakar mennta- eða rannsóknastofnanir. Þáttur ríkisins er og verður mikilvægur í þessum efnum en til að örva rannsóknar- og menntastofnanir enn frekar til framþróunar er nauðsynlegt að sérstakur hvati sé fyrir fyrirtækin að styðja við bakið á slíkri starfsemi.

8.2. Núverandi lagaumhverfi

Eins og innlent lagaumhverfi er í dag þá er fyrirtækjum heimilt að draga frá tekjum þann kostnað sem þau leggja sjálf í eigin rannsóknir og þróun. Varðandi framlög til þriðja aðila gildir hins vegar sérregla 2. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981 þar sem kveðið er á um að heimilt sé að draga frá tekjum „*Einstakar gjafir og framlög til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmálaflokka og vísindalegra rannsóknarstarfa, þó ekki yfir 0,5% af tekjum skv. B-lið 7. gr. á því ári sem gjöf er afhent.*“ Eins og sést eru framlög til rannsókna hér talin upp meðal margra annarra framlaga. Þannig mundi fyrirtæki með kr. 100 milljóna veltu hafa heimild til að draga frá tekjum kr. 500 þúsund sem veittar eru til ofangreinds. Gera veður ráð fyrir að aðeins brot af þeirri fjárhæð rynni til rannsóknarstarfa, þar sem flest fyrirtæki styðja að einhverju leyti við bakið á öðrum þáttum sem upp eru taldir í ákvæðinu.

8.3. Rök fyrir breytingum

Aukning
frádráttar-
heimilda

Skattahópur SA telur að óheppilegt sé að blanda saman þeim ólíku framlögum sem talin eru upp í núverandi ákvæði 2. tl. 1. mgr. 31. gr. Í ljósi mikilvægis þess að styðja sérstaklega við bakið á rannsóknum og þróun er eðlilegt að taka þann þátt sérstaklega út og auka þannig frádráttarmöguleika til slíkrar starfsemi.

Þróun
erlendis

Rétt er að taka fram að fjölmörg lönd hafa farið þá leið að auk slíkrar frádráttaheimildar vegna framlaga til þriðja aðila er heimilaður sérstakur aukatekjufrádráttur vegna framlaga fyrirtækja til vísinda og nýsköpunar í eigin þágu. Bandaríkin hafa verið í fararbroddi í þeim efnum en einnig má nefna Frakkland, Holland og Spán. Hérlandis hafa oftar en einu sinni verið lögð fram lagafrumvörp þar sem lögð hefur verið til slík breyting á hérlandum skattalögum. Hefur þar m.a. verið miðað við að frádráttarbærar rannsóknir séu staðfestar af Rannsóknarráði Íslands. Skattahópur SA tekur vissulega undir markmið þessara tillagna. Hins vegar verður einnig að gæta þess að úrvinnsla frádráttarreglnanna verði ekki of flókin og kostnaðarsöm. Skattahópur SA leggur því til að halda óbreyttri útfærslu frá því sem nú er í lögum en að heimild til frádráttar vegna framlaga til vísindastarfsemi verði aukin og kveðið á um þá frádráttarheimild í sérstökum tölulíð.

8.4. Tillaga skattahóps SA

Með hliðsjón af framansögðu leggur skattahópur SA til eftirfarandi breytingar á lögum nr. 75/1981.

Eftirtaldar breytingar verði á 1. mgr. 31. gr. laganna:

2. tl. orðist svo:

Einstakar gjafir til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála og stjórnmálaflokka, þó ekki yfir 0,5% af tekjum skv. B-lið 7. gr. á því ári sem gjöf er afhent. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þennan tölulið.

Við bætist nýr tölul., sem verði 3. tl., svohljóðandi:

Framlög til vísindalegra rannsóknarstarfa þó ekki yfir 0,5% af tekjum skv. B-lið 7. gr. á því ári sem gjöf er afhent. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þennan tölulið.

8.5. Áhrif breytinga á tekjur ríkisins

Bein áhrif á tekjur ríkissjóðs á árinu 2000 hefðu verið þær að skatttekjur vegna tekjuskatts lögaðila hefðu lækkað um kr. 52 millj.²⁴

Þau grundvallarrök sem liggja að baki lagabreytingartillögunni eru að þegar til lengri tíma er litið muni nýsköpun, vísinda- og rannsóknarstarfsemi skila auknum hagvexti og framþróun og þar með auknum tekjum til ríkisins. Mikilvægt er að skapa þannig aðstæður að eftirsóknarvert verði fyrir frumkvöðla, vísindamenn og vel menntað vinnuafl almennt að vinna nýsköpunarverkefni og rannsóknarstarfsemi hér á landi.

Fjárfesting til
frambúðar

²⁴ Miðað er við að skattskyldar tekjur þeirra fyrirtækja sem greiddu tekjuskatt á árinu 2000 lækkuðu um 0,5%.

9. SKATTLAGNING ERLENDRA EINSTAKLINGA SEM TÍMABUNDIÐ STARFA Á ÍSLANDI

9.1. Almennt

Auðveldari
aðgangur að
sérþekkingu

Mörg ríki hafa sett sérreglur um skattlagningu erlendra einstaklinga sem tíma-
bundið starfa í viðkomandi ríkjum. Rökin að baki slíkum reglum eru að auðvelda
innlendum fyrirtækjum aðgang að sérþekkingu og reynslu erlendra sérfræðinga
sem koma tímabundið til starfa. Er þetta einnig liður í að hvetja til erlendar
fjárfestingar í viðkomandi löndum og ýta undir vísinda- og rannsóknarstarfsemi.

Erlendar
fyrirmyndir

Sem dæmi um löggjöf erlendra ríkja á þessu sviði má nefna að í Svíþjóð gildir sú
regla að sérfræðingar sem ráðnir eru til allt að tveggja ára²⁵ greiða ekki skatta af
húsnæðishlunnindum, né af tekjum sem rekja má til þátttöku vinnuveitanda í
ferða- og dvalarkostnaði, kostnaði af skólagöngu barna o.fl.

Í Danmörku geta erlendir sérfræðingar óskað eftir að vera skattlagðir með flötum
25% tekjuskatti. Á móti kemur að viðkomandi nýtur ekki persónuafsláttar og
frádráttarreglur eru einfaldari en í almenna kerfinu. Skilyrðin eru að tímalengd
vinnusamnings sé frá 6 til 36 mánaða, starfið sé unnið fyrir danskan
vinnuveitanda eða danskt útibú erlends fyrirtækis, sérfræðingurinn verði skatt-
skyldur í Danmörku strax og hann hefur störf, sérfræðingurinn sé ekki eigandi
eða stjórnandi þess fyrirtækis sem um ræðir og að laun viðkomandi séu meiri en
54.066 danskar krónur á mánuði, nema að starfsmaðurinn sé að vinna að
rannsóknarverkefni sem uppfyllir tiltekin nánari skilyrði.

Sambærileg regla gildir í Hollandi en þar er miðað við 30% flatan tekjuskatt.
Skilyrðin eru svipuð og í Danmörku en einnig er heimilt að draga frá tekjum
þátttöku vinnuveitanda í ýmsum kostnaði, svo sem við skólagöngu barna,
húsnæðis- og bifreiðahlunnindi o.fl. Þá verður sérfræðingurinn einungis skatt-
lagður vegna tekna sem eiga uppruna sinn í Hollandi.

Eins og að framan greinir eru megin rökin fyrir slíkum reglum að auðvelda og
draga úr kostnaði við að ráða starfsmenn sem búa yfir verðmætri sérþekkingu til
tímabundinna starfa. Þetta auðveldar einnig erlendum fyrirtækjum sem hafa hug
á því að setja upp starfsemi í öðru landi að fá sína starfsmenn til að starfa þar
tímabundið meðan verið er að þjálfa starfsfólk o.þ.h.

9.2. Tillaga skattahóps SA

Fylgjum
fordæmi
Dana og
Hollendinga

Samkvæmt framangreindu leggur skattahópur SA til að sambærileg regla og
gildir í Danmörku og Hollandi verði tekin upp hér á landi. Telja verður hagan-
legast að hafa regluna í einu lagaákvæði sem fjallar almennt um skattskylduna
og skilyrði fyrir beitingu hennar.

²⁵ Mögulegt að framlengja um tvö ár til viðbótar.

Með hliðsjón af framansögðu leggur skattahópur SA til eftirfarandi breytingar á lögum nr. 75/1981:

Við 67. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

I. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal einungis reikna 12,5% tekjuskatt af tekju-skattstofni manns sem ráðist hefur til starfa hér á landi í 6 – 36 mánuði og uppfyllir neðangreind skilyrði að öðru leyti:

- 1. Sótt hafi verið um til ríkisskattstjóra áður en ráðningarsamningur tekur gildi að tekjuskattsútreikningur fari samkvæmt þessu ákvæði og að með umsókn hafi fylgt ráðningarsamningur og önnur gögn er ríkisskattstjóri kallar eftir.*
- 2. Að viðkomandi sé sérfræðingur eða búi yfir sérþekkingu sem örðugt er að fá innanlands, eða aðrar sérstakar ástæður tengdar hæfni starfsmanns mæli með leyfisveitingu.*
- 3. Að viðkomandi hafi ekki lotið ótakmarkaðri skattskyldu á Íslandi á síðustu þremur árum áður en sótt er um að njóta skattlagningar skv. ákvæðinu.*

II. mgr.

Ríkisskattstjóri skal leita umsagnar Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins varðandi það hvort umsókn uppfylli skilyrði 2. tl. hér að framan. Ríkisskattstjóri skal tilkynna skriflega um niðurstöðu sína innan tveggja vikna frá umsókn. Synjun er kæranleg til fjármálaráðuneytis. Einstaklingur sem skattlagður er skv. þessu ákvæði nýtur ekki persónuafsláttar skv. A-lið 68. gr. til frádráttar tekjuskatti og/eða útsvari og ekki barnabóta skv. B-lið 69. gr. eða vaxtabóta skv. C-lið 69. gr.

9.3. Áhrif breytinga á tekjur ríkissjóðs

Slík regla hefði að líkindum einungis óveruleg áhrif á skatttekjur ríkissjóðs þar sem lítið er um að erlendir sérfræðingar séu ráðnir hingað til starfa tímabundið enn sem komið er, en mögulegt er að regla sem þessi ýtti undir það, íslensku atvinnulífi til heilla.

Tekjuáhrif
óveruleg

10. SKATTLAGNING ÍSLENSKRA EINSTAKLINGA SEM STARFA TÍMABUNDIÐ ERLENDIS

10.1. Almennt

Komið í veg fyrir tvísköttun

Mörg erlend ríki hafa sett sérreglur um skattlagningu innlendra einstaklinga sem starfa tímabundið erlendis. Er það gert til að einfalda framkvæmd við skattskil, koma í veg fyrir tvísköttun og koma þannig til móts við þá aðila sem af einhverjum ástæðum þurfa tímabundið að starfa erlendis. Ljóst er að því fylgir mikill kostnaður, enda er viðkomandi iðulega að halda tvö heimili auk þess sem ýmiss konar annar kostnaður fylgir dvöl erlendis.

Framkvæmdin óskýr

Dagpeningareglur sem í gildi hafa verið hér á landi hafa alls ekki tekið tillit til þess möguleika að starfsmenn dvelji langdvölum erlendis fyrir vinnuveitendur sína. Hefur það leitt til deilna og málaferla eins og kunnugt er og framkvæmdin orðið enn óskýrari með viðurkenningu dómstóla á beitingu einhvers konar vísireglu skattyfirvalda í ákveðnum tilvikum. Sú regla, sem hvergi er til á prenti, hefur orðið til í framkvæmd skattyfirvalda. Í þessu sambandi þykir rétt að benda á að all nokkur dæmi eru um að Íslendingar hafi flutt lögheimili sitt erlendis sökum þess að reglur hér á landi eru óhagstæðar í samanburði við nágrannalöndin. Er það þróun sem brýnt er að sporna við.

Skattahópur Verslunarráðs Íslands tók þessa þætti upp í umfjöllun sinni um skattamál í skýrslu sem gefin var út í október 2000. Í þeirri skýrslu var gerð tillaga um að farið yrði að fordæmi Dana, Svía og Finna sem af þeim ástæðum sem framan greinir hafa sett sérreglu um starfsmenn sem starfa erlendis í lengri tíma en 6 mánuði. Skattahópur Samtaka atvinnulífsins tekur undir þau sjónarmið sem sett voru fram í skýrslu Verslunarráðs enda mjög mikilvægt að tekið sé á framangreindum þáttum.

Írar hafa einnig sett slíkar reglur og meginskilyrði þeirra eru að starfsmaður dvelji a.m.k. 11 daga í einu erlendis og að dvölin sé samtals 90 dagar á 12 mánaða tímabili. Séu skilyrðin uppfyllt fær viðkomandi starfsmaður fullan frádrátt vegna þeirra tekna sem hann aflar í starfi erlendis. Persónuafsláttur lækkar hlutfallslega við lengd dvalar erlendis.

Rök Íra gilda hér

Eitt af því sem Írar hafa bent á sem rök fyrir þessum reglum er að þeir hafi ekki gert marga tvísköttunarsamninga. Þau rök eiga sannarlega einnig við hér á landi.

Í ljósi þess hve vel Írum hefur tekist til telur skattahópur SA sterk rök fyrir að taka mið af þeim reglum.

10.2. Tillaga skattahóps SA

Írski leiðin

Samkvæmt framangreindu er það tillaga skattahóps SA að við 117. gr. laga nr. 75/1981 bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Dveljist maður, sem er tekjuskattskyldur hér á landi samkvæmt 1. gr., erlendis vegna starfs síns, skal lækka tekjuskattstofn hans um þá fjárhæð sem aflað er vegna starfa erlendis. Skilyrði lækkunar samkvæmt þessari grein er að dvöl erlendis sé eigi skemmri en 90 dagar á 12 mánaða tímabili og að dvöl erlendis í hvert sinn sé eigi skemmri en 11 dagar.

Ástæða þess að talið er heppilegast að hafa frádráttarregluna í 117. gr. laganna eru skattatæknilegar. Eðlilegt verður að telja að tekið sé tillit til umræddra tekna við útreikning barna- og vaxtabóta og persónuafsláttar. Af þeim ástæðum væri illmögulegt að frádráttarreglan kæmi fram í 28. gr. eða 30. gr. laganna.

FYLGISKJAL 1:

Skattalækkun sem efnahagsaðgerð

Ásgeir Jónsson hagfræðingur

Allt bendir til þess að árið 2001 verði sjöunda hagvaxtarárið í röð, en frá 1994 hefur landsframleiðsla á Íslandi aukist um fjórðung. Það er þó regla að niðursveifla siglir ávallt í kjölfar uppsveiflu og þess sjást nú merki. Öll líkindi eru til þess að hagstjórn stjórnvalda verði brátt að snúast frá aðhaldi og til þess að örva efnahagslífið. En þessi sjö ár eru merk fyrir aðra hluti. Í fyrsta skipti frá stríðslokum er hagvöxtur knúinn áfram af annarri aflvél en sjávarútvegi, og alþjóðlegir straumar hafa verið áberandi í viðskiptum og efnahagslífi. Samt sem áður hefur vöxtur útflutnings ekki haldið í við vöxt landsframleiðslu né innflutnings á þessum tíma, sem hefur leidd til viðskiptahalla. Og þrátt fyrir mikla fjárfestingar Íslendinga erlendis hafa fjárfestingar útlendinga hérlandis verið fremur takmarkaðar. Þessi ósamhverfni í fjármagnsstraumum hefur m.a. sett nokkurn þrýsting á gengi krónunar.

Við þessar aðstæður falla mörg vötn til þess að lækka skatta á atvinnulífið. Slíkar aðgerðir væru mótvægi við kostnaðarhækkanir á síðustu misserum og hvatning til nýrra fjárfestinga. Íslensk fyrirtæki þurfa sama svigrúm til verðmætasköpunar sem þekkist erlendis, og þess vegna er nauðsynlegt að fella niður skatta og gjöld sem ekki eru tíðkuð í helstu samkeppnislöndum. Skattar á fyrirtæki hafa farið lækkandi ytra, og m.a. hafa eignarskattar og stimpilgjöld fallið niður víðast hvar í V-Evrópu. En í ljósi þess að Ísland er eyja og fjarri hinu þétttriðna markaðsneti meginlandanna, verða Íslendingar að fara að dæmi Íra og gefa erlendum fyrirtækjum raunverulega ástæðu til þess að koma hingað með lækkun tekjuskatta. Farsælast er þó að láta eitt yfir alla ganga þannig að öll fyrirtæki, innlend sem erlend, njóti sömu ívilnana.


Íslendingar hafa reynslu af svipuðum skattalækkunum árið 1993, sem voru fremur skjótar að borga sig upp með auknum tekjum í ríkissjóð vegna meiri umsvifa og aukins hvata til þess að sýna hagnað. Áhrif þeirra á efnahagslífið voru einnig djúpstæð. Skattalækkunirnar virðast hafa breytt mati fólks á kostnaði og ábata í verðmætasköpun og átt drjúgan hlut í hagvexti og framleiðniaukningu síðustu ára. Því er ástæða til þess að ætla að hið sama geti endurtekið sig með þeim tillögum í skattamálum sem skattahópur Samtaka atvinnulífsins hefur nú lagt til.

Hvatning á réttum tíma

Tillögur skattahóps SA gera ráð fyrir niðurfellingu eignarskatta og stimpilgjalda, sem og lækkun tekjuskattshlutfallsins frá 30% og niður í 15%. Þessar tillögur fela að stórum hluta í sér leiðréttingu á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Stimpilgjöld eru yfirleitt ekki innheimt erlendis og hvarf þeirra myndi jafna stöðu innlendra fjármálafyrirtækja í fjármagnsviðskiptum. Aðgerðirnar ættu ekki að standa í vegi fyrir þeirri viðleitni stjórnvalda að lægja þenslu og halda verðlagi stöðugu. Áhrif lægri skatta koma fram með einhverri töf því fyrirtækin þurfa ávallt nokkurn umpóttunartíma til þess að breyta fjárfestingaráætlunum sínum. Þegar lækkunirnar fara að segja til sín að fullu er líklegt að veður hafi skipast á lofti yfir íslensku efnahagslífi og nauðsyn kalli á örvandi aðgerðir til þess að halda atvinnu stöðugri. Niðurfelling eignarskatta gæti skapað mótvægi við kostnaðar-

hækkanir að undanfögnu, s.s. vegna launa og vaxta, og styrkt eiginfjárstöðu fyrirtækja þegar til lengri tíma er litið. Lækkun tekjuskatta slævir bit hárri vaxta á framgang arðsamra áætlana, og bætir að einhverju leyti upp þann mögulega skaða sem aðhaldssöm peningamálstefna síðustu misseri kann að hafa valdið á framtíðarhagvexti. En lægra tekjuskattshlutfall eykur nýtanlegan ábata af fjárfestingum, svo lengi sem þær eru arðsamrar.

Skattalækkun er einnig tímabær til þess að laða að erlenda fjárfestingu, sem hefur skort hérlandis. Landsmenn þurfa að færa stöðu landsins sér í nyt sem stökkpall á milli tveggja heimsálfa og auka útflutning og viðskipti í báðar áttir. Það hefur að nokkru átt sér stað með fjárfestingum Íslendinga erlendis, en sú þróun gengur líklega hraðast með tilhjálp erlendra fyrirtækja hér innanlands. Einnig er mikilvægt að fá erlent áhættufjármagn inn í landið, m.a. til þess að mæta útlæði fjármagns vegna erlendar eignasöfnunar innlendra aðila. Lægra tekjuskattshlutfall skiptir líklega miklu í þessu sambandi. Það er hvoru tveggja að arðsemi fjárfestinga ykist, en einnig væri lágt tekjuskattshlutfall órækt merki um vinsamlegt viðhorf í garð fyrirtækja.



Heimildir: Ríkisskattstjóri, Þjóðhagsstofnun og Samtök atvinnulífsins

Reynslan frá 1993

Árið 1993 var sk. aðstöðugjald felld niður og tekjuskattshlutfallið lækkað úr 50% í 30% í áföngum. Lækkunin var þó minni í raun, því samtímis voru felldar niður undanþágur, s.s. framlag í fjárfestingasjóð (15% af hagnaði) og arðgreiðslur (15% af nafnverði hlutafjár). Aðstöðugjaldið var veltuskattur, nánast söluskattur, og lagði til fjórðung af tekjum ríkisins vegna skattlagningu fyrirtækja. Afnáð þess var lyftistöng fyrir útflutningsfyrirtæki, þar sem þessa gjalds gat ekki erlendis. Hér innanlands kom þessi lækkun líklega að mestu fram í lægra vöruverði, sem m.a. mætti verðbólguáhrifum gengisfellingarinnar 1993.

Það er athyglisvert að beinar tekjur ríkisins af fyrirtækjum hafa aukist verulega á síðustu árum og eru 60% meiri að raunvirði á síðasta ári en miðað við meðaltal árunna 1991-93 að raunvirði. Þar af hefur innheimta tekjuskatts vaxið í það að vera tvöfalt meiri en var að meðaltali árin 1991-93, að raunvirði. Þessi tekjuaukning bendir til þess að grundvallarbreyting hafi orðið í framleiðni og kostnaðaraðhaldi fyrirtækja á þessum tíma, sem leiddi af auknum vilja til þess að sýna hagnað. Lækkun tekjuskattshlutfallsins var líklega mikilvæg í þessu efni, en þótt ýmsir frádráttarliðir hafi fallið út þá minnkaði jaðarskattlagning fyrirtækjanna verulega og þau voru einnig frjálsari varðandi ráðstöfun hagnaðarins.

Tafla 1.

Tekjuskattar fyrirtækja. Tekjuskattshlutfall og skatttekjur 1991-2000, milljónir króna á verðlagi ársins 2000.

Ár	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Hlutfall	45%	45%	39%	33%	33%	33%	33%	33%	30%	30%
Skatttekjur	5,088	5,198	4,666	4,966	5,901	5,840	6,710	8,246	10,194	10,318

Reynsla Íra

Írar voru lengi í þeirri stöðu að teljast fátækur útkjálki, úr leið fyrir alla. Þeir hafa með markvissum hætti frá 1960 reynt að bæta hlutskipti sitt, t.d. með aukinni menntun. En það skilaði landinu litlu vegna þess að atvinnulífið var ekki í stakk búið að taka við ungu menntuðu fólki, sem varð því að taka þann kost að flytja af landi brott. Írskir ráðamenn tóku því á það ráð að leita til erlendra fyrirtækja. Landið hafði kosti vegna sveigjanlegs vinnumarkaðar og uppbyggingar á innviðum hagkerfisins (e. infrastructure) sem fjármögnuð var af sjóðum ESB. En það sem gerði útslagið voru lágir fyrirtækjaskattar, sem m.a. gerðu Írland að kjörsvæði fyrir bandarísk fyrirtæki með auga á Evrópumarkaði. Síðan þá hefur Grettistaki verið lyft í írskum efnahagsmálum. Landið er orðið miðstöð hátækni-iðnaðar í V-Evrópu og landsframleiðsla á mann hefur þrefaldast frá 1960. Miðað við höfðatölu er Írland orðið ríkara en Bretland, sem hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar.

Ísland stendur ekki fyrir jafn erfiðu verkefni. Hér er menntunarstig hátt og líf skjör góð. En dæmi Íra sýnir öllu fremur hverju skattalækkunar geta fengið áorkað. Ísland er ekki í ólíkri stöðu landfræðilega og Írland, en siglingatími frá Reykjavík til Rotterdam er svipaður og frá Cork til sömu borgar. Landsmenn þurfa að setja sjálfa sig niður í alfaraleið og gefa fyrirtækjum raunverulega ástæðu til þess að sækja þá heim.

Lokaorð

Sterkar líkur benda til þess að tímasetning skattalækkana á atvinnulíf sé rétt miðað við núverandi gang hagsveiflunar, en nokkurn tíma tekur fyrir þær að koma fram í efnahagslífinu. Þá er nauðsynlegt að bæta samkeppnisstöðu fyrirtækja hérlendis með því að lækka kostnað þeirra og bæta arðsemi fjárfesta. Reynsla annarra þjóða, s.s. Írlands, sýnir einnig að skattalækkunar eru ein grundvallarforsenda þess að laða að erlend fyrirtæki, skapa tekjuhá störf og auka útflutning. Nú er afgangur af rekstri ríkissjóðs og því svigrúm til skattalækkana. En ef dæma má af reynslu fyrri skattalækkana árið 1993 er líklegt að lægri álögur á fyrirtæki séu fremur fljótar að greiða sig upp með auknum skatttekjum. Þær þurfa því ekki að koma niður á öðrum markmiðum hins opinbera þegar til lengri tíma er litið. En það sem skiptir þó mestu er að skattalækkunirnar ættu að vera mikill hvati til hagræðingar og aukinnar framleiðni í íslensku atvinnulífi, eins og raun var árið 1993.

Lög / Reglugerðir	Gjald/leyfi	Hverjir greiða gjaldið	Hversu hátt er gjaldið	Hvert rennur gjaldið
Lög nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra réttinda	Umsækjendur viðkomandi réttinda	Gjald fyrir leyfi og skírteini vegna veitingar atvinnuréttinda og tengdra réttinda, sbr. 10.gr. IV.kafla laga nr. 88/1991, skal greiða 5000 kr. Fyrir endurnýjun leyfanna skal greiða 1000 kr.	Í ríkissjóð
	Starfsleyfi og eftirlitsgjald alþjóðlegs viðskiptafélags	Umsækjendur leyfisins	Starfsleyfi: 100.000 kr. Árlegt eftirlitsgjald: 100.000 kr.	Í ríkissjóð
	Leyfisbréf fyrir viðskiptabanka og sparisjóði	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 100.000 kr.	Í ríkissjóð
	Leyfisbréf fyrir lánastofnanir aðrar en viðskipta- banka og sparisjóði	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 100.000 kr.	Í ríkissjóð
	Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 100.000 kr.	Í ríkissjóð
	Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 50.000 kr.	Í ríkissjóð
	Leyfisbréf fyrir verðbréfasjóði	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 50.000 kr.	Í ríkissjóð
	Leyfisbréf fyrir kauphallir	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 100.000 kr.	Í ríkissjóð
	Leyfisbréf fyrir skipulega tilboðsmarkaði	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 100.000 kr.	Í ríkissjóð
	Leyfisbréf fyrir verðbréfamíðstöðvar	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 100.000 kr.	Í ríkissjóð
	Leyfisbréf fyrir skaðatrygginga-félög og líftryggingafélög	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 100.000 kr.	Í ríkissjóð
	Leyfi til váttryggingamiðlunar	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 50.000 kr.	Í ríkissjóð
	Bráðabirgðaleyfi til váttryggingamiðlunar	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 10.000 kr.	Í ríkissjóð

Fylgiskjal 2

Ýmis starfsleysfísgjöld frh.

Lög / Reglugerðir	Gjald/leyfi	Hverjir greiða gjaldið	Hversu hátt er gjaldið	Hvert rennur gjaldið
	Hótelleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað, leyfi fyrir næturklúbb, kaffihús, dansstað og krá	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 50.000 kr. Gjald fyrir endurnýjun leyfis er 3.000 kr.	Í ríkissjóð
	Leyfi fyrir gistihéimili, veitingastofuleyfi, greiðasöluleyfi	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 20.000 kr. Gjald fyrir endurnýjun leyfis er 3.000 kr.	Í ríkissjóð
	Leyfi til að selja gistingu á einkaheimilum, gistiskálaleyfi, veislubjónustuleyfi, veitingaverslunaleyfi	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 15.000 kr. Gjald fyrir endurnýjun leyfis er 3.000 kr.	Í ríkissjóð
	Leyfi til tækifærisveitinga	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 3.000 kr.	Í ríkissjóð
	Leyfi til að framleiða áfenga drykki	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 100.000 kr. Árlegt eftirlitsgjald er 50.000 kr.	Í ríkissjóð
	Áfengisinnflutningsleyfi	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 15.000 kr. Árlegt eftirlitsgjald er 5.000 kr.	Í ríkissjóð
	Áfengisheldsöluleyfi	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 30.000 kr. Árlegt eftirlitsgjald er 5.000 kr.	Í ríkissjóð
	Almennt leyfi fyrir veitingastað	Umsækjendur leyfisins	Til eins árs eða skemur: 100.000 kr Til lengri tíma en eins árs: 300.000 kr.	Í ríkissjóð
	Lönaðarleyfi	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 25.000 kr.	Í ríkissjóð
	Leyfi til reksturs fjarskiptabjónustu	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 80.000 kr.	Í ríkissjóð
	Leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 20.000 kr.	Í ríkissjóð
	Leyfi til reksturs pósthjónustu	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 80.000 kr.	Í ríkissjóð

Fylgiskjal 2

Ýmis starfsleysfsgjöld frh.

Lög / Reglugerðir	Gjald/leyfi	Hverjir greiða gjaldið	Hversu hátt er gjaldið	Hvert rennur gjaldið
	Leyfi til reksturs miðlunar með leiguhúsnæði	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 5.000 kr.	Í ríkissjóð
	Leyfi til að annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 5.000 kr.	Í ríkissjóð
	Skemmtanaleyfi vegna einstakra tilvika	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 5.000 kr.	Í ríkissjóð
	Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu sbr. 10.gr.laga	Umsækjendur leyfisins	Til tveggja ára: 5.000 kr. Til fimm ára: 5.000 kr.	Í ríkissjóð
Lög nr. 64/2000	Leyfi til reksturs bílaleigu	Umsækjendur leyfisins	Gjaldið er 10.000 kr. og gildir starfsleyfið til fimm ára.	Í ríkissjóð
Lög nr. 53/2000	Leyfi til reksturs hljóðvarps	Umsækjendur leyfisins	frá 2ja mán. til 5 ára frá 3000 - 110.000.	
Lög nr. 53/2000	Leyfi til reksturs sjónvarps	Umsækjendur leyfisins	96.000 til 3ja ára, 160.000 til 5 ára, 224.000 til sjö ára.	

FYLGISKJAL 3

ÝMIS GJÖLD OG SKATTAR

FJÁRHÆÐIR ERU Í ÞÚS. KR.

Lög / Reglugerðir	Gjald	Hverjir greiða gjaldið	Hversu hátt er gjaldið	Hvert rennur gjaldið	Tekjur ríkisins	
Reglugerð nr. 264/1971	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	Innflutningsaðilar og innl.framleiðendur	0,15% af tollverði innfluttrar vöru eða af verksmiðjuverði innlendra vöru	Tollstjóri innheimtir f.h. Löggingarstofu (opinber aðili)	31.239	Skattur
Reglugerð nr. 110/1992	Gjald vegna eftirlits með innflutningi plantna og plöntuafurða	Innflutningsaðilar	Gjaldið er lagt á tollverð vöru og er ýmist 1 eða 2% , fer eftir tollskrárn.	Í ríkissjóð, eftirlit framkvæmt af Rannsóknarstofnun landbúnaðarins (opinber aðili)	8.203	vörugjald
Reglugerð nr. 301/1995	Eftirlit með sáðvöru	Innflutningsaðilar og innl.framleiðendur	2% af innflutn.verði sáðvöru og 2% af söluverði (án vsk) innl.fóðurvöru	Landbúnaðarráðherra ákveður gjaldið, rennur líklega í ríkissjóð	1.131	vörugjald
Reglugerð nr. 177/1989	Höfundarréttagjald við tollafgreiðslu	Innflutningsaðilar	1-4% af tollverði ákveðinna gerða segulbands, útvarps og myndbandstækja Óátekin myndbönd = 101 kr. á stykki og óátekin segulbönd = 34 kr. á stykki	Í ríkissjóð, tekjum af gjaldinu skal haldið sérgreindum. Ríkisféhirðir skal halda sérstakan reikning í nafni Innheimtumiðstöðvar höfundarréttagjald og annast mánaðarlega skil gjaldsins til hennar. Innheimtumiðstöðin greiðir ríkissjóði sérstaka innheimtubóknum sem er 1% af innheimtufé	63.088	vörugjald

Fylgiskal 3

Ýmis gjöld og skattar frh.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Lög / Reglugerðir	Gjald	Hverjir greiða gjaldið	Hversu hátt er gjaldið	Hvert rennur gjaldið	Tekjur ríkisins	
Reglugerð nr. 251/1992	Tóbaksgjald á það magn tóbaks sem er umfram heimilaðan tollfrjálsan innflutning hjá ferða- og farmönnum	þeir sem koma með tóbakið inn í landið	Tóbaksgjald er föst krónutala á magn og er mismunandi eftir tegundum	Í ríkissjóð	465	vörugjald
Lög nr. 56/1996	Spilliefnagjald	þeir sem flytja til landsins vörur eða framleiða vörur sem falla undir lögin	Gjaldið er ákveðin krónutala pr. kíló og fer fjárhæðin eftir því um hvaða efni er að ræða	Gjaldið á að standa undir kostnaði vegna móttöku, meðhöndlun, eyðingu o.þ.h. Umhverfissráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessu fjalla um	126.054	vörugjald
Reglugerð nr. 282/1994	Skilagjald á einnota umbúðir og umsýslu bóknun	Innflutningsaðilar og þeir sem framleiða eða átappa slíkar umbúðir hér á landi	Gjaldið má nema allt að 10 kr. á hverja umbúðareiningu skv. lögum nr. 52/1989 en er nú 6,43 kr. skv. reglugerðinni. Einnig skal leggja á umsýslubóknun sem nemur 0,32-3 kr. af skilagjaldi	Í ríkissjóð. Ríkissjóður ráðstafar umsýslubóknuninni, skilagjaldinu og virðisaukaskatti af gjaldinu jafnsjótt og því verður komið til Endurvinnslunnar hf.	451.068	vörugjald
Reglugerð nr. 398/1995	aðfangaefirtilit vegna áburðar og jarðvegsbætandi efna	Innflutningsaðilar og innl.framleiðendur	Eftirlitsgjaldið er 0,1% af innflutningsverði (cif) vöru eða 0,1% af söluverði innlestrar vöru	Ríkissjóður v/aðfangaefirtilts	1.031	vörugjald
Reglugerð nr. 650/1994	aðfangaefirtilit með fóðri	Innflutningsaðilar og innl.framleiðendur	Eftirlitsgjaldið er 0,5% af innflutningsverði (cif) vöru eða 0,5% af söluverði innlestrar fóðurvöru	Ríkissjóður v/aðfangaefirtilts	7.048	vörugjald

Fylgiskal 3

Ýmis gjöld og skattar frh.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Lög / Reglugerðir	Gjald	Hverjir greiða gjaldið	Hversu hátt er gjaldið	Hvert rennur gjaldið	Tekjur ríkisins	
Lög nr. 47/1995	Skoðunargjald kvikmynda	þeir sem framleiða og/eða flytja inn kvikmyndir til sýninga, sölu og/eða dreifingar.	Skoðunargjöldin ákvarðast í reglugerð og skal fjárhæð þeirra taka mið af kostnaði vegna skoðunar kvikmynda.	Skoðunargjöldin renna í ríkissjóð	4.689	þjónustugjöld
Reglugerð nr.517/1993	Skoðunargjöld tækja sem innihalda geislavirk efni	Innflytjendur tækjanna	Skoðunargjaldið fer eftir gjaldskrá Geislavarna ríkisins	Geislavarnir ríkisins	6.782	þjónustugjöld
Reglugerð nr. 60/1994	Fóðurgjald til loðdýraræktar	Innflutningsaðilar	Af sérstöku fóðurgjaldi skal innheimta 1 kr. af hverju kg.	Framleiðnisjóður Landbúnaðarins ráðstafar gjaldinu til verkefna í þágu loðdýraræktar	309.869	vörugjald
Auglýsing nr. 575/1989 með skírskotun til laga nr. 25/1921	Gjald fyrir hvert almanak sem gefið er út eða flutt inn með sérstöku leyfi skv. lögum	Innflytjandi eða útgefandi	Gjaldið er 2,50 kr. fyrir hvert eintak	Almanakssjóður Háskóli Íslands	230	skattur
Lög nr. 96/1995	Gjald af áfengi	Innflytjendur og/eða framleiðendur hvort sem er til eigin nota eða sölu/vinnslu	Gjaldið fer eftir eftir styrkleika áfengisins sbr. 3.gr. laga nr. 96/1995	Af innheimtu áfengisgjaldi skal 1% renna í Forvarnasjóð og 0,2% til áfengiseftirlits lögreglu-yfirvalda. Það sem eftir stendur rennur í ríkissjóð	4.256.602 1.272.076	vörugjald

Fylgiskjal 3

Ýmis gjöld og skattar frh.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Lög / Reglugerðir	Gjald	Hverjir greiða gjaldið	Hversu hátt er gjaldið	Hvert rennur gjaldið	Tekjur ríkisins	
Reglugerð nr. 251/1992	Áfengisgjald á það magn áfengis sem er umfram heimilaðan tollfrjálsan innflutning hjá ferða- og farmönnum	þeir sem koma með áfengið inn í landið	Áfengisgjald er greitt af hverjum lítra hins áfenga drykkjar og er allt frá 300 kr. til 6000 kr. allt eftir styrkleika áfengisins			
Tilkynning nr. 2/1999 á grundvelli laga nr.103/1994	Flutningsjöfnunargjald á olíuvörum	Dreifingaraðilar aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum	Bifreiðabensín = 0,60 kr.á lítra Gasolía = 0,70 kr. á lítra aðrar olíur og blöndur til brennslu = 1,00 kr.á lítra flugvélabensín = 0,20 kr.á lítra flugsteinolía (botuelsneyti) = 0,05 kr.á lítra	Tollstjórnin í Reykjavík og sýslumenn á landsbyggðinni annast innheimtu og skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara. (verðjöfnunargjald)	545.182	vörugjald
Lög nr. 84/1997	Búnaðargjald	Gjaldskyldir búvöruframleiðendur	Gjaldið skal nema 2,55% af gjaldstofni		470.393	skattur
Lög nr. 62/1973	Lög um jöfnun flutningskostnaðar á sementi	Innflytjendur og innlendir framleiðendur	Gjaldið er ákveðið af viðskiptaráðuneytinu fyrir allt að eitt ár í senn, og skal upphæð þess við það miðuð, að tekjur af því nægi til að greiða flutningskostnað	Tollstjórnar annast innheimtuna og skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins	157.152	skattur

Fylgiskjal 3

Ýmis gjöld og skattar frh.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Lög / Reglugerðir	Gjald	Hverjir greiða gjaldið	Hversu hátt er gjaldið	Hvert rennur gjaldið	Tekjur ríkisins	
Lög nr. 60/1998	Vopnaleytingargjald	Umráðendur loftfara	Gjaldið er 125 kr. Fyrir hvern farþega eldri en tólf ára og 65 kr. Fyrir 2-12 ára farþega. Undanþegin gjaldskyldu eru börn yngri en tveggja ára, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem hafa viðkomu á Íslandi samkvæmt farseðli milli annarra landa og Norður-Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarlögs Bandaríkja Norður Ameríku hér á landi	Til Flugmálastjórnar Íslands	39.535	skattur
Lög nr. 88/1991	Eftirlitsgjald þeirra sem hafa leyfi til innflutnings og heildsölu með áfengi og tóbak og eftirlitsgjald framleiðenda áfengis	Þeir sem hafa leyfi til innflutnings og heildsölu með áfengi og tóbak og áfengisframleiðendur	Gjaldið er 5000 kr. á ári Gjaldið er 50.000 kr. á ári	Í ríkissjóð	645	skattur
Lög nr. 99/1993	Verðtilfærslugjald á innvegna mjólk	Afurðastöðvar	Verðtilfærslugjaldið skal vera 2,65 kr. á hvern lítra mjólkur. Gjald þetta greiðist út á tiltekna mjólkurafurðir við sölu innan lands eftir ákvörðun verðlagsnefndar.	Bændasamtök Íslands sjá um innheimtu, vörslu og reikningshald	267.204	vörugjald

Fylgiskjal 3

Ýmis gjöld og skattar frh.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Lög / Reglugerðir	Gjald	Hverjir greiða gjaldið	Hversu hátt er gjaldið	Hvert rennur gjaldið	Tekjur ríkisins	
Lög nr. 99/1993	Verðmiðlunargjöld landbúnaðarins	framleiðendur	Verðmiðlunargjaldið skal vera af mjólk sem lögð er inn í afurðastöð innan greiðslumarks, 0,65 kr. á lítra, og af kindakjöti sem ætlað er til sölu á innlendum markaði, 5,00 kr á kg.	Tekjum af verðmiðlunargjaldi skal m.a. varið þannig: a. til verðmiðlunar á milli afurðastöðva til þess að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöðvum í þeim tilgangi að auðvelda hagkvæman rekstur stöðvanna og til þess að greiða nauðsynlega flutninga á milli svæða þar sem vöntun kann að vera á einstökum afurðum, sbr. 60. gr., b. til að koma á hentugri verka-skiptingu á milli afurðastöðva, c. til að jafna aðstöðu afurðastöðvanna til að koma framleiðsluvörum sínum á markað.	100.121	vörugjald
Lög nr. 76/1970	Gjald af skírum veiðitekjum veiðifélaga	Veiðifélag	Gjaldið er 2% af tekjum veiðifélaga	Fiskræktarsjóður	5.443	skattur
Lög nr. 76/1970	Gjald af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva	Vatnsaflsstöðvar	Gjaldið er 3% af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almennings	Fiskræktarsjóður	8.358	skattur

Fylgiskjal 3

Ýmis gjöld og skattar frh.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Lög / Reglugerðir	Gjald	Hverjir greiða gjaldið	Hversu hátt er gjaldið	Hvert rennur gjaldið	Tekjur ríkisins	
Lög nr.92/1994	þróunarsjóðsgjald á skip	Eigendur fiskiskipa sem eru skráð á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands og hafa leyfi til að veiða í atvinnuskyni	Gjaldið skal nema 922 kr. af hverju brúttótonni en þó skal gjaldið aldrei nema hærri fjárhæð en 350.000 kr. fyrir hvert skip	þróunarsjóður sjávarútvegsins (innheimt af Fiskistofu)	90.033	eignaskattur
Lög nr.92/1994	þróunarsjóðsgjald á aflamark	Eigendur fiskiskipa sem eru skráð á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands og hafa leyfi til að veiða í atvinnuskyni	Gjaldið nemur 1230 kr. fyrir hvert þorskígildistonn miðað við verðmætahlutföll einstakra tegunda skv. lögum um veiðieftirlitsgjald	þróunarsjóður sjávarútvegsins (innheimt af Fiskistofu)	529.253	eignaskattur
Lög nr. 50/1987	Umferðaröryggisgjald	Eigendur ökutækja	Gjaldið er 200 kr., og greiðist það við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki.	Umferðarráð	38.849	skattur
Lög nr. 93/1994	Lyfjaeftirlitsgjald	Lyfsölu leyfishafar, lyfjasölu lækna, lyfjasölu sveitarfélaga, lyfjagerðir, lyfjaheildsalar, lyfja umboðsfyrirtæki, dýralæknar, heilbrigðisstofnanir, læknastöðvar	0,3% af heildarfjárhæð greiðslu eða sölu lyfja	Lyfjastofnun innheimtir fjárhæð kemur ekki fram í ríkisreikningi en árgjöld og leyfi lyfjanefndar eru 35.852	35.852	skattur

Fylgiskjal 3

Ýmis gjöld og skattar frh.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Lög / Reglugerðir	Gjald	Hverjir greiða gjaldið	Hversu hátt er gjaldið	Hvert rennur gjaldið	Tekjur ríkisins	
Lög nr. 48/1994	Umsýslugjald Fasteignamats ríkisins	Húseigendur	Skal gjald þetta nema 0,025% (prómillum) af brunabótamati hverrar húseignar árið 2000, en á árunum 2001–2004 skal gjaldið nema 0,1% (prómilli) af brunabótamati hverrar húseignar	Vátryggingafélög innheimta og skila til Fasteignamats ríkisins	48.492	skattur
Lög nr. 23/1994	Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs	Eigendur skipa	Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar innan löggiltra hafnarsvæða	í Hafnabótasjóð.	187.699	vörugjald
Lög nr. 132/1999	Vitagjald	Eigendur skipa	Vitagjald, 68,60 kr. af hverju brúttótonni skips	Gjaldið á að standa straum af kostnaði við Siglingastofnun Íslands	68.761	skattur
Lög nr. 23/1994	Skipagjald (er hluti af greiðslu fyrir afnot hafna)	Eigendur skipa	Skipagjöld skulu miðuð við stærð skipa samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð	Hafnarsjóður	59.869	skattur
Lög nr. 73/1997	Skipulagsgjald	Eigendur fasteigna	Af nýbyggingum, sem virtar eru til brunabóta, skal greiða skipulagsgjald í eitt skipti sem nemur 0,3% af brunabótamati hverrar húseignar. Skipulagsgjald af mannvirkjum sem ekki eru virt til brunabóta skal nema 0,3% af stofnverði þess.	Innheimt í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga við framkvæmd skipulags- og byggingarmála	195.111	eignaskattur

Fylgiskjal 3

Ýmis gjöld og skattar frh.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Lög / Reglugerðir	Gjald	Hverjir greiða gjaldið	Hversu hátt er gjaldið	Hvert rennur gjaldið	Tekjur ríkisins	
Lög nr. 97/1987	Almennt vörugjald	Vörugjald er gjald sem leggst á gjaldskyldar vörur við innflutning eða innan-landsframleiðslu og skiptist í magn- og verðgjald.	Helstu vörutegundir sem bera vörugjald eru kaffi, te, sælgæti, kex, drykkjarvörur, sultur, súpur, grautar, ís, gúmmivörur, ýmis byggingarefni, bílahlutar, vinnuvélar, lyftur, teppi, lampar, ljósaskilti og heimilistæki. Vörugjald skiptist í magn- og verðgjald. Magngjald er 8, 10, 15, 20, 25, 28, 30, 35, 40, 50, 60, 80 eða 400 króna gjald á kíló eða lítra, en verðgjald er 15, 20 eða 25 prósent gjald á toll- eða framleiðsluverð. Hvert gjaldið er á hverri vörutegund er nánar tilgreint í Viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald.	ríkissjóður	2.958.000	vörugjald
Lög nr. 29/1993	Vörugjald á ökutæki og eldsneyti	A. Þeir sem flytja til landins ökutæki og þeir sem framleiða og vinna að ökutækjum. B. Þeir sem framleiða eða flytja inn eldsneyti	10,50 af hverjum lítra af bensíni. Auk þess skal greiða sérstakt vörugjald, bensingjald, af bensíni. Af blýlausu bensíni skal greiða 28,60 kr. af hverjum lítra og af öðru bensíni skal greiða 30,43 kr. af hverjum lítra.	ríkissjóður	13.054.000	vörugjald
Lög nr. 60/1998	Árlegt eftirlitsgjald vegna lofffara (vegna skráningar lofffara, sbr. III. kafli 10. gr.)	Umráðendur lofffara	Gjaldið miðast við hámarksflugtaksmassa lofffarsins	Flugmálastjórn	54.571	þjónustugjald

Fylgiskal 3

Ýmis gjöld og skattar frh.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Lög / Reglugerðir	Gjald	Hverjir greiða gjaldið	Hversu hátt er gjaldið	Hvert rennur gjaldið	Tekjur ríkisins	0
Lög nr. 60/1998	Lendingargjöld	Umráðendur flugfara	Fyrir lendingu loftfars í innanlandsflugi með 2.000 kg hámarksflugtaks massa eða meiri skal greiða 238 kr. fyrir hver byrjuð 1.000 kg. Fyrir hverja lendingu loftfars í millilandaflugi á flugvöllum utan Reykjavíkur skal greiða gjald samsvarandi 7,05 Bandaríkja-döllum fyrir hver byrjuð 1.000 kg.	Flugmálastjórn	539.503	þjónustugjald
Lög nr. 60/1998	Eftirlitsgjald vegna flugrekstrarleyfa	Flugrekendur	Flugrekendur skulu árlega greiða til Flugmálastjórnar eftirlitsgjald sem miðast skal við fjölda þeirra loftfara sem hlutaðeigandi rekur í starfsemi sinni og skráðan hámarksflugtaks massa þeirra.	Flugmálastjórn		
Lög nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs	Skráningargjöld loftfara	Umráðendur loftfara	Skráning loftfars til einkaflugs er kr. 30.000. Skráning loftfars til atvinnuflugs er kr. 60.000. Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o.fl.) er kr. 5.000.	Ríkissjóður	8.874	
Lög nr. 3/1987	pungaskattur	Eigendur ökutækja	Mishátt eftir þyngd o.fl.	Ríkissjóður	4.039.248	Skattur
	Mengunareftirlitsgjald	Fyrirtæki sem Hollustuvernd hefur eftirlit með skv. 12. og 13. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit	Flokkar 89.000 - 253.000 kr.	Hollustuvernd ríkisins	4.124	þjónustugjald



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS
Garðastræti 41 Pósthólf 520 121 Reykjavík
www.sa.is